



Úttekt á starfsemi tónlistarskóla á Íslandi

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Desember 2024

Efnisyfirlit

1	Helstu niðurstöður	3
2	Um verkefnið og aðferðafræði	7
3	Tónlistarskólar á Íslandi	15
4	Mat á gæðum og fyrirkomulagi tónlistarnáms	52
5	Stöðumat	57
6	Fjármögnun	97
7	Tillögur og ábendingar	108
	Helstu heimildir	113

1

HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Helstu niðurstöður

1

Nemendur og forráðamenn eru almennt **ánægðir** með starf tónlistarskóla og **vilji kennara til umbóta og þróunar** gagnvart náminu er mikill.

2

Að jafnaði eru nemendur **fjögur ár í grunnnámi** en í aðalnámskrá er miðað við að nemendur eigi að geta lokið námi á þremur árum.

3

Aðalnámskrá liggur til grundvallar námi en um **41% skóla vinnur ekki eftir sérstakri skólanámskrá** líkt og aðalnámskrá kveður á um.

4

Tónlistarskólar sem hafa verið viðurkenndir skv. lögum nr. 75/1985 **uppfylla að mestu skilyrði laga** en undantekningar birtast í erfiðleikum nokkurra skóla við að viðhalda lágmarksfjölda nemenda.

5

Nemendum sem þreyta áfangapróf í tónlistarskólum á Íslandi hefur **fækkað um 22%** á síðastliðnum fjórum árum.

6

Skipulagt **ytra gæðaeftirlit** gagnvart tónlistarskólum er ekki virkt, og nauðsynlegt er að skerpa á hlutverkum og ábyrgð á því sviði.

Helstu niðurstöður

7

Gæði náms eru almennt mikil og **viðleitni kennara gagnvart því að ná árangri með nemendum sínum er eftirtektarverð.**

8

Skapa þarf fleiri tækifæri til **faglegs samráðs og samstarfs milli tónlistarskóla** en tæplega 66% skólastjórnenda telja samstarf geta verið meira.

9

Áskoranir eru til staðar gagnvart því að **tryggja jafnt aðgengi** að tónlistarnámi, óháð staðsetningu, efnahag og bakgrunni.

10

Biðlisti er til staðar í 64% tónlistarskóla og lengstur biðlisti er á píanó sem einnig er það hljóðfæri sem flestir tónlistarskólar bjóða upp á kennslu á.

11

Skólastjórnendur telja að í nánustu framtíð þurfi að horfa til þess að **auka fjölbreytni í námsvali, sveigjanlegri námsleiðir**, efla **aðgengi** að námi og rækta **samfélagsleg tengsl skóla**.

12

Sjónarmið kennara snúa að aðgengi að námi, vinna þurfi í auknum mæli með **sérþarfir nemenda, námskrá, kennsluhætti, nýliðun** og tilefni sé til að **endurskoða áfangapróf og framkvæmd þeirra**.

Helstu niðurstöður

13

Nýliðun kennara er vaxandi áhyggjuefni og mikill fjöldi hlutastarfa getur verið hindrun í að þróa og viðhalda faglegu starfi innan skóla.

14

Framlag sveitarfélaga til tónlistarskóla nemur nokkru **hærri upphæð en** sem nemur **launakostnaði** þeirra.

15

Jöfnunarsjóðsframlög, sem ríkissjóður leggur til framhaldsnáms, hafa lækkað. Að teknu tilliti til **framlaga til framhaldsskóla hafa** framlög **hækkað**.

16

Samstarf við grunnskóla er viðtækt og 83% tónlistarskóla eru í virku samstarfi. Allir skólar á landsbyggðinni eru í samstarfi við grunnskóla.

17

Almenn afstaða til samræmdra áfangaprófa er sú að **aukinn sveigjanleiki í námsmati** sé nauðsynlegur til að treysta betur nemendamiðað nám þar sem áhugi nemenda sé í forgrunni.

2

UM VERKEFNIÐ OG AÐFERÐAFRÆÐI

Lögð var sérstök áhersla á að framsetning og inntak úttektar muni nýtast við heildarendurskoðun og stefnumörkun á íslenskri tónlistarfræðslu með tilliti til lagasetningar, fjármögnunar og gagnvart endurskoðun aðalnámskrár.

Um verkefnið

Þann 14. júlí 2023 auglýsti mennta- og barnamálaráðuneytið eftir aðilum til að taka að sér verkefni á sviði úttektar á starfsemi tónlistarskóla. Teymi á vegum ARCUR ráðgjafar sendi inn tillögu að verklýsingu og samkomulag um verkefnið var undirritað 3. nóvember 2023.

Á Íslandi starfa 77 tónlistarskólar undir lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Tónlistarskólar gegna mikilvægu hlutverki í velferðarsamfélagi og fjölmargir hagsmunaaðilar koma að stefnumótun, framkvæmd og skipulagningu náms. Þar má nefna ríki, sveitarfélög, tónlistarkennara, skólastjórnendur, nemendur, foreldra og aðra forsjáraðila.

Í nýlegri íslenskri tónlistarstefnu 2023–2030 er lögð áhersla á fjölbreytni tónlistarnáms á Íslandi og skv. stefnunni er fyrirhugað að skoða samsetningu tónlistarnáms og endurskoða aðalnámskrá í takt við breytta tíma. Aðalnámskrá tónlistarskóla var síðast gefin út af menntamálaráðuneytinu árið 2000.

Tónlistaskólum sem þiggja fjárhagslegan stuðning skv. lögum nr. 75/1985 ber skylda til að starfa eftir aðalnámskrá og því er ljóst að þessi endurskoðun er stefnumarkandi og mikilvægt er að standa vel að verki til að styðja megi við þróun tónlistarmenntunar á Íslandi til næstu ára.

Ráðgjafar ARCUR binda vöndur við að þessi úttekt varpi ljósi á tónlistarnám á Íslandi á þann hátt að hún nýtist við þá vinnu sem framundan er.



Markmið úttektarinnar

Markmið þessarar úttektar er að kanna **gæði** og **skipan tónlistarnáms** í skólum sem hafa verið viðurkenndir skv. 3. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Á grundvelli stöðumats á ofangreindum þáttum eru settar fram ábendingar og eftir atvikum tillögur um aðgerðir sem leitt geta til þess að tónlistarnám á Íslandi verði markvissara, skilvirkara og af betri gæðum.

Viðfangsefni úttektarinnar voru að leggja mat á starfsemi tónlistarskóla

1. þar sem fram komi mat á styrkleikum og veikleikum er varða gæði náms, inntak og framkvæmd tónlistarfræðslu m.t.t. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, aðalnámskrár, framsetningu markmiða og mats, kennsluáætlana og aðstöðu nemenda og kennara.
2. með hliðsjón af gildandi lögum og aðalnámskrá, m.a. stjórnun, innra starf, aðstöðu, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónustu við nemendur og starfsfólk, þróunarstarf og umbætur í skólastarfi.

Aðferðafræði

Nálgun við gagnaöflun

Úttektin byggði á fyrirliggjandi gögnum eins og gildandi lögum, aðalnámskrá tónlistarskóla og birtum skólanámskrám tónlistarskóla. Þau gögn voru nýtt til þess að undirbúa og útfæra þá gagnaöflun sem úttektin krafðist.

Þá byggir úttektin á þeim gögnum sem úttektaraðilar öfluðu frá tónlistarskólum sem eru viðurkenndir skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning.

Ráðist var í spurningakönnun fyrir alla tónlistarskóla sem falla hér undir í þessum tilgangi. Enn fremur voru 10 skólar skoðaðir sérstaklega m.t.t. markmiða úttektar, og þá með viðtölum, rýnihópum og vettvangsathugunum.

10 úrtaksskólar


Úrtak skóla var lagskipt og þannig leitast við að hafa úrtak dæmigert fyrir mismunandi breytur, t.d. landfræðileg svæði, tegundir stofnana, stærð og sérhæfingu.

Í úrtaki voru eftirfarandi skólar og fóru úttektaraðilar í heimsóknir til skóla í mars og apríl 2024:

- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar
- Tónlistarskóli Árnesinga
- Tónlistarskóli Ísafjarðar
- Söngskóli Sigurðar Demetz
- Tónskóli Sigursveins
- Tónlistarskólinn á Egilsstöðum
- Tónlistarskóli Stykkishólms
- Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
- Tónlistarskólinn á Akureyri
- Tónlistarskóli Kópavogs

Úttektaraðilar þakka skólastjórnendum sérstaklega fyrir farsæla samvinnu í verkefninu.

Tímalína verkefnis



Spurningakannanir til allra skóla og úrtaksskóla

Í öllum könnunum
fengu þátttakendur
tækifæri til að koma
sjónarmiðum sínum
á framfæri gagnvart
úttektinni

Skólastjórnendur

Könnun var send til 77 skólastjórnenda eða allra skóla. Í könnuninni var horft til þess að fá stjórnendur til að leggja sjálfsmat á starfsemi skólanna út frá gildandi lögum. Spurningar voru einnig um tengsl starfsemi við aðalnámskrá, framkvæmd náms og gæðastarf.

Stjórnendakönnun

Þátttakendur:	77
Svör:	59
Svarhlutfall:	77%

Tónlistakennarar

Sérstök könnun var send til 277 kennara í úrtaksskólum. Í könnuninni var sérstaklega lagt upp með að fá fram sjónarmið kennara gagnvart framkvæmd náms og starfsumhverfi.

Kennarakönnun

Þátttakendur:	277
Svör:	167
Svarhlutfall:	60%

Foreldrar og forsjáraðilar nemenda

Þá var send út könnun til 260 foreldra eða forsjáraðila nemenda í úrtaksskólum. Sérstaklega var horft til þess að fá fram sjónarmið foreldra gagnvart framkvæmd náms, samskiptum o.fl. Við framkvæmd könnunar var óskað eftir 30 netföngum frá hverjum skóla.

Foreldrakönnun

Þátttakendur:	260
Svör:	171
Svarhlutfall:	66%

Vettvangsheimsóknir

Farið var í vettvangsheimsóknir í 10 úrtaksskóla og voru heimsóknirnar skipulagðar í kringum eftirfarandi þætti:

Viðtöl

Fram fóru þrjú viðtöl í hverjum úrtaksskóla og voru þau með eftirfarandi hætti:

1. Skólastjóri
2. Hópkennari (tónfræði, tónheyrn, samspil)
3. Greinakennari (einkakennsla)

Staðlaður spurningarammi var notaður fyrir hvert viðtal til að fá fram samanburðarhæf gögn. Ekki er í þessari úttekt vísað til viðtala með nokkrum hætti heldur voru gögn og upplýsingar þemagreind.

Rýnihópar með nemendum

Einn rýnihópsfundur var haldinn í hverjum úrtaksskóla. Um var að ræða rýnihópsfundi með nemendum og tóku að jafnaði 5–7 nemendur þátt á hverjum fundi.

Vettvangsskoðun

Í hverri heimsókn horfðu ráðgjafar á tiltekna þætti í starfsumhverfi og aðstöðu hvers skóla.

Önnur gagnaöflun og úrvinnsla

Stöðumat

Í stöðumatskafla skýrslunnar er dregin upp mynd af framkvæmd náms, hvernig skólar mæta þeim viðmiðum sem könnuð eru, hvernig námið er skipulagt sem og hvað aðra þætti varðar og geta haft áhrif á gæði náms og frammistöðu gagnvart aðalnámskrá.

Fjárhagsleg greining

Send var sérstök gagnabeiðni til skólastjórnenda gagnvart rekstrarupplýsingum. Tilgangur þess var að draga upp mynd af fjárhagslegri stöðu skólanna, hvernig þeir fjármagna sig og leitast er við að draga fram þá þætti sem helst hafa áhrif á mögulega ólíka rekstrarstöðu á milli skólanna.

Eingöngu bárust upplýsingar frá 35 skólum er þennan þátt varðar og taka niðurstöður mið af því en leitast er við að draga ályktanir út frá þeim upplýsingum og nýta í þágu úttektarinnar.

18 matsviðmið

Úttektaraðilar mótuðu 18 matsviðmið og höfðu þar til hliðsjónar gæðaviðmið grunnskóla. Forsendur við val á viðmiðum voru að horfa til almennra viðmiða og ekki þeirra sem teljast sértæk gagnvart afmörkuðum þáttum sem eiga eingöngu við starfsemi grunnskóla.

Ritun úttektarskýrslu

Úttektarskýrslan lýsir niðurstöðum verkefnisins. Mennta- og barnamálaráðuneytið fékk úttektarskýrsluna til umfjöllunar í drögum. Úttektaraðilar unnu sjálfstætt úr ábendingum sem fram komu. Skólastjórnendur fengu ekki skýrsluna til yfirlestrar enda fjallar hún ekki um einstaka skóla heldur tónlistarskólakerfið sem heild.


3

TÓNLISTARSKÓLAR Á ÍSLANDI

Afstaða stjórnenda, kennara og forráðamanna
til tónlistarnáms, ásamt tölfraeði um þróun
próftöku

Tónlistarskólar og dreifing þeirra utan höfuðborgarsvæðis

45 tónlistarskólar starfa utan höfuðborgarsvæðisins og langflestir í rekstri sveitarfélaga



Microsoft Bing


Samtals starfa 45 tónlistarskólar utan höfuðborgarsvæðisins og dreifast þeir vel um landið, með aðsetur í helstu þéttbýliskjörnum.

Til að ná enn betur til þeirra sem búa á strjálbýlli svæðum hafa ýmsir tónlistarskólar komið á fót útstöðvum.

Hér til hliðar má sjá dreifingu skóla utan höfuðborgarsvæðisins, myndin sýnir ekki allar útstöðvar sem eru m.a. fjölmargar á Suðurlandi.

Tónlistarskólar og dreifing þeirra innan höfuðborgarsvæðis

32 tónlistarskólar starfa innan höfuðborgarsvæðisins og þar af eru 21 sjálfstætt starfandi



Á höfuðborgarsvæðinu eru 32 tónlistarskólar og innan svæðisins starfa allir skólar með sértæka nálgun í framkvæmd námsins.


Allar skólahljómsveitir starfa innan svæðisins. Fjórar skólahljómsveitir starfa á vegum Reykjavíkurborgar, ein á vegum Mosfellsbæjar og ein á vegum Kópavogsbæjar.

Yfirlit yfir tónlistarskóla eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu

- Reykjavík – 24 skólar
- Kópavogsbær – 3 skólar
- Mosfellsbær – 2 skólar
- Seltjarnarnes – 1 skóli
- Garðabær – 1 skóli


Um þriðjungur nemenda í sex stærstu tónlistarskólunum

Um fjórðungur skóla hefur færri en 150 nemendur



Einn nemandi á biðlista fyrir hverja fimm í námi


Alls eru 2.201 á biðlista, hlutfallslega flestir bíða eftir að komast í nám í stærri skólunum



*Allar tölur miðast við svörun í könnun ARCUR á meðal stjórnenda (59 skólar)

Biðlisti er hlutfallslega lengstur á höfuðborgarsvæðinu

Hlutfallslega er biðlistinn stystur á Vestfjörðum, Norðurlandi og Suðurlandi



*Allar tölur miðast við svörun í könnun ARCUR meðal stjórnenda

Fleiri nemendur á hvern kennara í minni skólunum

Priðjungur smæstu skólanna á höfuðborgarsvæðinu*

Höfuðborgarsvæðið

11 skólar

Minnsti með 23 nemendur
Stærsti með 140 nemendur
Nemendur á hvern kennara
frá 11,5 til 35

5 skólar

Minnsti með 170 nemendur
Stærsti með 280 nemendur
Nemendur á hvern kennara
frá 15,8 til 31,1

4 skólar

Minnsti með 367 nemendur
Stærsti með 614 nemendur
Nemendur á hvern kennara
frá 16,4 til 22,8

Landsbyggðin

22 skólar

Minnsti með 12 nemendur
Stærsti með 123 nemendur
Nemendur á hvern kennara
frá 10 til 30

8 skólar

Minnsti með 180 nemendur
Stærsti með 299 nemendur
Nemendur á hvern kennara
frá 18,7 til 42,7

4 skólar

Minnsti með 349 nemendur
Stærsti með 895 nemendur
Nemendur á hvern kennara
frá 15 til 29,8

Litlir (<150)

Miðlungs (150–300)

Stórir (>300)

Allir skólar á landsbyggðinni í samstarfi við grunnskóla


Spurt var hvort skólinn byði upp á nám í samstarfi við grunnskóla sveitarfélagsins (8:00–16:00)

Höfuðborgarsvæðið	Litlir (<150)		
	Miðlungs (150-300)		
Landsbyggðin	Stórir (>300)		

Höfuðborgarsvæðið	Litlir (<150)	Miðlungs (150-300)	Stórir (>300)
	Samstarf = 4 Ekki samstarf = 7	Samstarf = 4 Ekki samstarf = 2	Samstarf = 3 Ekki samstarf = 1
Landsbyggðin	Litlir (<150)	Miðlungs (150-300)	Stórir (>300)
	Samstarf = 26 Ekki samstarf = 0	Samstarf = 8 Ekki samstarf = 0	Samstarf = 4 Ekki samstarf = 0


Aðstaða í skólum almennt góð að mati stjórnenda

Helst að úrbóta sé þörf varðandi framboð kennslustofa og gæði þeirra





Vantar kennslustofur í stærri skólana en gæði þeirra mikil

Stjórnendur stærri skóla ánægðir með þær kennslustofur sem þeir hafa, úrbóta er þörf í minni skólum



Aðstaða til tónleikahalds í miklum meiri hluta skólanna

Aðstaða sem nýtt er utan skólanna er í flestum tilvikum í kirkjum en einnig í félagsheimilum (og víðar)




■ Aðstaða innan skólans ■ Aðstaða utan skóla ■ Bæði

Um 41% skóla vinna ekki eftir skólanámskrá

Af þeim sem vinna eftir sérstakri skólanámskrá endurskoðar ríflega helmingur þeirra hana reglulega

Vinnur skólinn eftir sérstakri skólanámskrá?




Skólanámskrá inniheldur upplýsingar um aðstöðu í skólanum bæði fyrir kennara og nemendur. (3,3)

Skólanámskrá inniheldur útskýringar á hvers konar námsmat er notað í skólanum. (3,9)

Upplýsingar um skipulag, kennsluhætti og starfsáætlanir liggja skilmerkilega fyrir. (4,1)


Skólanámskrá er unnin eftir aðalnámskrá. (4,1)

Skólanámskrá skólans er endurskoðuð reglulega. (3,6)




Stjórnendur telja skólana efla tónlistarlíf í samfélaginu

Tónlistarskólarnir skapa tækifæri fyrir nemendur til tónlistarflutnings að mati stjórnenda



Starfsmannaviðtöl mest notuð til gæðaeftirlit og umbóta


Auk þess er sjálfsmat kennara og endurskoðun skólanámskrár nýtt við umbótastarf



Flestir skólanna hafa jafnréttisstefnu


Persónuverndarstefnu vantar í um 40% skólanna

Hefur skólinn sett sér sérstakar stefnur varðandi eftirfarandi málefni?




Stjórnendur vilja auka samstarf tónlistarskóla

Bæta þarf aðgengi óháð bakgrunni og þeirra sem eru með sértækar þarfir



Fjármagn á ekki að fylgja námsárangri


Skiptar skoðanir meðal stjórnenda um hvort viðmið um skilyrði fjárframlags þurfi að vera skýrari eða hvort fjármagn til tónlistarskóla eigi frekar að fylgja nemanda eða kennara



Mikilvægast að nám stuðli að tónlistariðkun og sköpun


Minni áhersla meðal stjórnenda á að tónlistarnám stuðli að langskólanámi eða auknu tónlistarlífi

Stjórnendur röðuðu eftir áherslum þar sem þeim þætti sem mesta áherslu fékk var raðað í 1. sæti o.s.frv. Myndin sýnir þann þátt sem mesta áherslu fékk og hlutföllin segja til um hversu oft áherslunni var raðað í tiltekið sæti. Þannig er þeirri áherslu sem raðað var í 1. sæti með 58% í það sæti, 21% í 2. sæti o.s.frv.



Vilja sveigjanleika í námsmati og almennt námsaðgengi


Áherslur stjórnenda á innihald aðalnámskrár eru frekar á einkatíma en hóptíma




Fjölhæfir kennarar kenna á fleiri en eitt hljóðfæri

Áherslur stjórnenda á innihald aðalnámskrár eru frekar á einkatíma en hóptíma

Hversu mörg hljóðfæri, hlutfallsleg skipting




Hversu mörg hljóðfæri eftir starfsheiti




Yfir 50% kennara í annarri vinnu með tónlistarkennslu

Um 44% kennara fá ekki greitt fyrir aukavinnu, s.s. vegna tónleikahalds og álíka sérverkefna

Starfshlutfall eftir tegund kennslu*




Hæsta starfshlutfall og staðsetning kennslu*




Tónlistarskólinn eflir tónlistarlíf í samfélaginu

Tónlistarskólinn skapar nemendum tækifæri til tónlistarflutnings



Skólanámskrá er ekki endurskoðuð reglulega


Bæta þarf ferla til að bera kennsl á umbætur og hvort þörf sé á breytingum




Tveir af hverjum þremur notar stafræna tækni í kennslu

Kennsluaðstaða almennt góð, en mætti í mörgum tilvikum gera betur í annarri vinnuaðstöðu


Nýtir þú stafræna tækni í þinni kennslu?



Er aðstaða til kennslu fullnægjandi í þínum skóla?




Er vinnuaðstaða (utan kennslustofa) fullnægjandi í þínum skóla?




Bæta þarf aðgengi nemenda með sértækar þarfir

Kennarar telja að börn og unglingar hafi ekki aðgang að tónlistarnámi óháð efnahag, bakgrunni og búsetu





Vilja ekki auka áherslu á hóptíma, frekar einkatíma

Kennarar leggja áherslu á skýrt námsmat og vel skilgreindar færnikröfur og markmið í nýrri aðalnámskrá



Að jafnaði eru nemendur fjögur ár á grunnnámi


Ríflega helmingur nemenda hefur verið í tónlistarnámi í fjögur ár eða skemur




Fáir þátttakendur voru í framhaldsskólanámi eða í forskóla, þ.a. hér er einungis dregin upp mynd af grunnnámi og miðnámi

Forráðamenn ánægð með námsaðstöðu nemenda

Aldur nemenda við upphaf náms virðist vera að lækka





*Fáir þátttakendur voru í framhaldsskólanámi eða í forskóla og því óvarlegt að draga miklar ályktanir, en leitnin er þó eins milli námsstiga.



Kennsla í flestum tilvikum blanda af einka- og hóptímum


Tónfræði og samspil í hóptímum



■ Einkatímar, tónfræði og samspil í hóptímum ■ Einkatímar og tónfræði ■ Einkatímar og samspil í hóptímum ■ Einkatímar eingöngu ■ Annað


Skýr námsmarkmið og nemandi fær tækifæri

Nemandi er hvattur áfram af tónlistarskólanum til þátttöku í tónlistarlífi




Flestir nemendur fá umsögn með eða án einkunnar

Nemandi er hvattur áfram af tónlistarskólanum til þátttöku í tónlistarlífi




Forráðamenn ánægðir með samskipti við tónlistarskóla

Mest ánægja með bein samskipti en samskiptin eru mest með tölvupósti




Hvernig áttu samskiptin sér stað?




Nemendum í framhaldsnámi fækkaði á síðasta áratug


Söngnemendum fjölgar síðustu ár en hljóðfæraleikurum á framhaldsnámi fækkar




Heildarfjöldi áfangaprófa 2010–2024




Skipting áfangaprófa 2010–2024 – klassík



Skipting áfangaprófa 2010–2024 – rytmík



Skipting áfangaprófa 2010–2024 – miðpróf í tónfræði



4

MAT Á GÆÐUM OG FYRIR- KOMULAGI TÓNLISTARNÁMS

Sett fram og lagt mat á 18 viðmið gagnvart
framkvæmd tónlistarnáms og í samhengi við þrjá
meginþætti úr gæðaviðmiðum grunnskóla

Forsendur gæðamats

Á næstu síðum er lagt mat á 18 viðmið gagnvart framkvæmd tónlistarnáms. Gæðaviðmið grunnskóla voru nýtt við mat og aðlöguð eftir þörfum og eftir því sem við á.

Forsendur við val á viðmiðum voru að horfa til almennra viðmiða og ekki þeirra sem teljast sértæk gagnvart afmörkuðum þáttum sem eiga eingöngu við starfsemi grunnskóla. Enn fremur er orðalag lítillega lagað að viðfangsefni úttektar eftir atvikum.

Vísað er til gagna úttektarinnar með eftirfarandi hætti:

- Va: vettvangsathugun
- Rh: rýnihópur nemenda
- Vs: viðtal við skólastjórnanda/-endur
- Vk: viðtöl við kennara
- Kf: könnun forráðamanna
- Kk: könnun kennara
- Ks: könnun skólastjórna
- Sn: skólanámskrá
- Hs: heimasíða

Hafa þarf í huga að í gæðamatinu er ekki horft til einstakra skóla heldur tónlistarskólakerfisins í heild sinni og er það byggt á fyrirliggjandi gagnaöflun. Eftirfarandi mat kemur fram fyrir hvert valið viðmið og þá fylgir umfjöllun hverju viðmiði ásamt tilvísun í gagnaöflun.

MAT	LÝSING
A	Framkvæmd er mjög góð.
B	Framkvæmd er góð.
C	Framkvæmd er viðunandi, en úrbóta er þörf á mikilvægum þáttum.
D	Framkvæmd er ábótavant og úrbóta er þörf á mörgum sviðum.

Nám og námsaðstæður

VIÐMIÐ		A	B	C	D	UMFJÖLLUN	GÖGN
1	Mat á námi, framförum, árangri nemenda fer fram reglulega á skipulagðan hátt.	●				Almennt er stefna tónlistarskóla gagnvart námsmati skýr og fylgt eftir. Innra og ytra námsmat (áfangapróf) er virkt í skólum. Innra námsmat er fjölbreytilegt milli skóla.	Va, Vk, Vs, Rh
2	Aðbúnaður og aðstæður til náms í skólanum eru fullnægjandi.		●			Almennt eru nemendur ánægðir með aðstöðu en í einstaka skólum vantar betri aðbúnað hvað varðar kennslustofur, hljóðfæra-kost og tæknibúnað.	Rh, Vk
3	Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum.	●				Faglegur metnaður kennara í garð nemenda er sýnilegur og þeir leggja sig fram um að aðlaga kennslu sína að mismunandi þörfum og hæfni nemenda.	Va, Vk, Vs
4	Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.			●		Námsmat er snýr að færni og leikni er af ýmsum toga og nokkuð fjölbreytt. Formlegt námsmat sem snýr að samfélagslegum og uppeldislegum markmiðum er ekki áberandi.	Kv,Kk, Rh
5	Gætt er að því að námsaðstæður mæti sköpunarþörf nemenda með nægu rými og góðum hljóðfærum til að stuðla að skapandi og árangursríku námi.			●		Aðstöðumunur er á milli tónlistarskóla, einkum í grunnskólum. Vöntun er á stærri stofum og hljóðeinangrun í einstaka skólum.	Va, Vk,Vs, Rh, Fk
6	Nemendur eru virkir þátttakendur í að setja sér markmið í námi.		●			Í rýnihóp kom fram að nemendur taka þátt í að móta nám sitt í samráði við kennara. Nemendur eru almennt ánægðir með tónlistarnámið. Formlegri markmiðasetningu má efla.	Rh,Va,Vk, Fk

Innra starf, gæði og fagleg þróun

VIÐMIÐ		A	B	C	D	UMFJÖLLUN	GÖGN
1	Umbætur og þróun í skólastarfi eru í reglulegri/stöðugri endurskoðun.			●		Verkefni sem snúa að þróun og umbótum eru til staðar og eftirtektaverð. Markviss stefna og eftirfylgni þarfnast úrbóta. Treysta þarf betur að þróunarverkefni fái að vaxa og dafna með því að styðja við faglegt starf og stöðugleika.	Va, Kk, Sk, Kv, Sv
2	Áætlanir um endurmenntun og starfsþróun eru virkar og nýttar til umbóta.			●		Áætlanir eru víða til staðar. Tónlistarkennarar og skólastjórnendur telja þó skort á skýrari stefnu, aðgerðaáætlunum, eftirfylgni og fleiri tækifærum til endurmenntunar.	Va, Vk, Vs, Hs
3	Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár.			●		Eingöngu 59% skóla hafa skólanámskrá en að öllu jöfnu er starfað eftir viðmiðum úr aðalnámskrá.	Sk, Hs
4	Stjórnendur hvetja til sjálfstæðis í starfi og sýna kennurum traust.	●				Almennt njóta tónlistarkennarar trausts í starfi. Þeir vinna sjálfstætt að ýmsum verkefnum og vel er tekið í frumkvæði þeirra að verkefnum sem þeir taka ábyrgð á að framkvæma.	Va, Vk, Vs, Kk, Ks
5	Stefnumótun er virk og nýtt í starfsemi skólanna.			●		Áherslur eru misjafnar í mótun stefnu. Vilji er til stefnumótunar en tímaskortur er til staðar og áskoranir í innleiðingu breytinga af þeim sökum.	Va, Vs, Ks, Kk
6	Gæðaeftirlit og mat er virkt í starfsemi skólanna.			●		Algengasta mat á starfi er starfsmannaviðtöl. Tæplega helmingur skóla nýtir sjálfsmat kennara, skólanámskrá er víða ekki endurskoðuð.	Va, Vk, Vs, Ks, Kk

Samfélag, samstarf og upplýsingagjöf

VIÐMIÐ		A	B	C	D	UMFJÖLLUN	GÖGN
1	Samskipti skóla við forráðamenn eru góð og skilvirk.		●			Forráðamenn eru almennt mjög ánægðir með samskipti milli skóla og heimilis.	Kk, Ks, Vk, Vs, Va
2	Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.		●			Upplýsingagjöf er skýr og markviss. Almenn foreldraviðtöl eru þó ekki algeng.	Hs, Kf
3	Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.		●			Samstarf við grunnskóla er til staðar í 83% tilfella. Tónlistarskólar rækta tengsl við nærsamfélag. Tónleikahald/verkefni utan skóla mætti vera meira og sýnilegra.	Vk, Vs,, Ks
4	Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem rætt er um árangur og aðferðir.			●		Fundir eru heldur fáir að mati kennara. Faglegt samráð í formi funda mætti vera meira.	Va, Kv, Sv
5	Samskipti milli skólastjórnenda og kennara eru góð og skilvirk.		●			61% kennara er sammála því að stjórnun skólans sé gagnsæ og skilvirk. Þó nefna einstaka kennarar að skortur sé á aukinni formgerð og gagnsæi.	Kk, Vk, Vs, Va
6	Leitast er eftir formlegri endurgjöf frá forráðamönnum og nemendum hvað varðar umbætur og gæðastarf.				●	Einungis 26% skóla leita formlegrar endurgjafar frá nemendum. Formleg endurgjöf frá foreldrum er til staðar í 40% tilfella.	Ks, Vk, Vs

5

STÖÐUMAT

Í stöðumati er starfsemi tónlistarskóla skoðuð með hliðsjón af gildandi lögum og aðalnámskrá, m.a. er sjónum beint að innra starfi, þróunarstarfi og umbótum aðstöðu, stjórnun og ýmsum þáttum sem geta haft áhrif á gæði náms.

Um stöðumat á tónlistarskólum

Í stöðumati er fyrst dregin upp mynd af styrkleikum og veikleikum tónlistarskólakerfisins. Í kjölfarið er umfjöllun um framkvæmd náms og starfsemi tónlistarskóla skipt í þrjá meginflokka.

1 Nám og námsaðstæður

2 Innra starf, gæði og framþróun

3 Samskipti, samstarf og upplýsingaflæði

Styrkleikar tónlistarskólakerfisins

Markmið með því að vekja athygli á **styrkleikum tónlistarskólakerfisins** er að varpa ljósi á helstu atriði sem skera sig úr og stuðla að árangursríku tónlistarnámi um allt land.

Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu en hér er vakin athygli á ákveðnum þáttum sem geta orðið fyrirmynd í áframhaldandi **þróun og eflingu tónlistarnáms** á Íslandi.

Nemendur og forráðamenn eru almennt ánægðir með starf tónlistarskóla.

Gæði náms eru almennt mikil og **viðleitni kennara** gagnvart því að ná árangri með nemendum sínum er eftirtektarverð.

Einstaklingsmiðað nám er áberandi í tónlistarskólunum, þar sem kennarar aðlaga kennsluna að þörfum hvers nemanda.

Vilji kennara til **umbóta og þróunar** gagnvart náminu er mikill.

Samstarf við grunnskóla er víða og hefur **verulega jákvæð áhrif á aðgengi til náms**.

Framboð skóla til hljóðfæranáms er víða afar **fjölbreytt**.

Sérhæfing fjölmargra skóla er sýnileg og tækifæri víða til staðar til að auka við námsframboð og námsleiðir.

Eftirtektarvert er að sjá að einstaka skólar vinna með virkum hætti að **inngildingu innflytjenda og/eða fatlaðra**.

Veikleikar tónlistarskólakerfisins

Markmið með því að vekja athygli á **veikleikum tónlistarskólakerfisins** er að varpa ljósi á helstu atriði sem annað hvort þurfi að vinna með heildstætt eða út frá sjónarhorni einstakra skóla.

Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu en hér er vakin athygli á ákveðnum þáttum sem **huga þarf að í stefnumótun og ákvarðanatöku** um fyrirkomulag tónlistarnáms.

Núverandi **aðalnámskrá** endurspeglar ekki nægilega vel þá þróun sem hefur átt sér stað í efnisvali nemenda.

Einhverjir skólar ná **ekki að viðhalda lágmarksfjölda** nemenda eða eiga í erfiðleikum með það.

Kennarar vinna oft án mikils faglegs samráðs og samstarfs sem getur **takmarkað miðlun þekkingar og þróun kennsluaðferða**.

Gerð skólanámskráa er vannýtt tækifæri til frekari útfærslu náms og sérstöðu.

Nýliðun kennara er vaxandi áhyggjuefni og mikill **fjöldi hlutastarfa** getur verið hindrun í að þróa faglegt starf innan skóla.

Formleg endurgjöf frá nemendum mætti vera í meira mæli.

Hæfni og gæðaviðmið í tónlistarkennslu eru ekki formlega skilgreind.

Skortur er á sérþekkingu til að mæta nemendum með **sértækar stuðningsþarfir**.

Miðlægri yfirsýn og gagnaöflun um tónlistarkerfið er ábótavant sem hindrar eftirlit og upplýsingagjöf til þróunar.

STÖÐUMAT




Nám og námsaðstæður

Almennir tónlistarskólar bjóða upp á breitt námsframboð

11 skólar einblína á sértækt nám

- Almennir tónlistarskólar bjóða upp á breitt námsframboð og yfirleitt bæði klassískt og rytmískt nám.
- Sex skólahljómsveitir eru starfandi sem rekstrareiningar
- 11 skólar einblína á sértækt nám.
- Einn sjálfstætt starfandi skóli á höfuðborgarsvæðinu sérhæfir sig í námi fyrir nemendur með sérþarfir.

Tegundir skóla eftir fjölda þeirra



Hljóðfæra- og söngkennsla í tónlistarskólum á Íslandi


92% skóla kenna á píanó sem er það hljóðfæri sem er einnig með lengstan biðlista

Algengustu hljóðfærin sem kennt er á í tónlistarskólum á Íslandi eru píanó, rafmagnsgítar, rafbassi, klassískur gítar og þverflauta.

Ofangreind hljóðfæri eru einnig þau sem hafa lengstan biðlista.

Samtals hafa um 64% skóla biðlista og í 50% tilvika er lengstur biðlisti á píanó og því næst á gítar eða í um 22% tilvika.

Önnur hljóðfæri en hér koma fram eru m.a. harpa, ukulele, harmonikka, orgel, enskt horn og piccolo-flauta.



Upplýsingar úr stjórnendakönnun til stjórnenda

79% skóla bjóða bæði upp á klassískar og rytmískar námsleiðir


Námsframboð í tónlistarskólum er fjölbreytt og miðar að því að mæta þörfum ólíkra nemendahópa

Aðalnámskrá leggur upp með að nemendur velji sér leið inn á klassíska eða rytmíska vegferð í námi sínu í íslenskum tónlistarskólum.

Greinanámskrár miðast allar við þessar tvær leiðir og í þeim eru kyrfilega tilgreind viðmið um hvert hljóðfæri fyrir sig.

Framboð af Suzukinámi hefur aukist síðastliðna áratugi og sjá má að 25% skóla bjóða upp á slíkt nám en Suzukikennarar hafa sértæka menntun á sviði þessa náms og hafa sótt sér framhaldsmenntun hjá Suzukisambandi Íslands til að öðlast starfsheitið Suzukikennari.

Námsframboð eftir núverandi skiptingu námsleiða



* Upplýsingar frá stjórnendum úr stjórnendakönnun

Blandað og opnara nám þrýstir á fyrirkomulag námsleiða

Aðalnámskrá þarf í auknum mæli að taka tillit til fjölbreyttari tónlistarstefna og -stíla

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalnámskrár. Í því ljósi var leitast við að draga fram afstöðu gagnvart tilteknum þáttum hennar.

Tæplega helmingur, eða 43%, stjórnenda og sömuleiðis 43% kennara eru sammála því að halda aðgreiningu í klassískt og rytmískt nám í aðalnámskrá. Það gefur tilefni til að ætla að þennan þátt megi endurskoða.

Vert er að benda á að þróun síðastliðna áratugi hefur verið á þá leið að blanda öðrum tónlistarstílum við klassíska námið og vert er að huga að þeirri þróun þegar kemur að endurskoðun aðalnámskrár.

Leitað var eftir sjónarmiðum í viðtölum og fjölmörg sjónarmið koma fram er snúa að því að nemendur ættu í auknum mæli að fá kynningu á fjölbreyttum stílum og stefnum í grunnnámi og til að þróa hæfni óháð fyrirframgefinni aðgreiningu þar sem eitt útilokar annað.

Í slíku fyrirkomulagi yrði horft til þess að val um sérhæfingu á tiltekinni vegferð í námi kæmi seinna.

Í þessu samhengi má horfa til þess að meiri hluti stjórnenda, eða 86% þeirra, og 74% kennara telja að greinanámskrár þurfi að ná vel utan um fjölbreyttar tónlistarstefnur og -stíla.

Þrýstingur um að auka framboð námsleiða kom fram í viðtölum við kennara og er það í takti við þá þróun sem á sér stað í tónlistarnámi á framhalds- og háskólastigi.

Sé litið til náms héraðs og erlendis má merkja skýra þróun í átt að opnara tónlistarnámi á hærri skólastigum. Þessi þróun birtist héraðs m.a. í námsbrautum í framhalds- og háskólanámi í skapandi tónlist, raftónlist og poppbraut.

Ekki er skýrt kveðið á um tíma sem nemendur fá í kennslu


Íslenskir tónlistarskólar leggja þungann á einkatíma og einstaklingsmiðað nám

Ekki er skýrt kveðið á um þann tíma sem nemendur ættu að fá í kennslu í núverandi aðalnámskrá. Lög nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, kveða eingöngu á um að ef námskrá skorti skuli kennt í aðalnámsgrein eina stund á viku, auk þess séu a.m.k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur). Lengd slíkra kennslustunda er ekki formlega skilgreind.

Meginreglan er sú að nemandi í heilu námi fær 60 mínútur á viku í einka-kennslu en misjafnt er hvort klukkustundin sé kennd í heilu lagi eða brotin upp og henni dreift á fleiri daga. Kennarar fara fjölbreyttar leiðir við nýtingu einkatímans gagnvart nemendum og að baki því liggja ýmis sjónarmið, t.a.m. sjá kennarar meiri árangur hjá nemendum sem mætar oft og eru styttra í senn. Enn fremur merkja kennarar breytingar á heimaæfingum sem þeir telja margir vera á undanhaldi. Að mæta oft í einkatíma og styttra í senn virðist vega upp á móti þeirri þróun. Sveigjanleiki gagnvart útfærslu á einkatímanum veitir tækifæri til einstaklingsbundins náms.

Samspil milli ólíkra hljóðfæra hefst oftast þegar nemendur hafa náð grunntökum á hljóðfæri sínu. Hér er vert að benda á að píanónemendur hafa ekki nógu mörg tækifæri til samspils að mati margra kennara – með undantekningu á Suzukinámi þar sem píanónemendur sækja gjarnan hóptíma á reglulegum grunni.

Samsetning náms nemenda



Upplýsingar úr úrtaki foreldra þar sem spurt var um samsetningu náms nemenda.

Samsetning á námi í tónlistarskólum er að grunni til eins og lögin gera ráð fyrir en útfærslur eru ólíkar og aukanámsgreinar koma inn á mismunandi stigum í ólíkum mæli hjá nemendum. Misjafnt er á milli skóla hvenær nemendur hefja nám í tónfræðagreinum og sjónarmið um hvenær nemandi skuli hefja tónfræðinám eru misjöfn eftir stefnu skólanna.

Samsetning náms styður við markmið aðalnámskrár

Tækifæri til að nýta tónlistarnám utan einkatíma mættu þó vera fleiri

Samsetning náms í tónlistarskólum gerir flestum nemendum kleift að stunda tónlistarnám þar sem hæfni er ræktuð á ólíkum sviðum, í einkatímum, samspilum, hóptímum og í tónfræðagreinum.

Viðtöl kennara leiddu þó í ljós að efla þarf heildstæða nálgun að tónlistarnámi. Flestir tónfræðikennarar bentu þannig á að vinna þarf markvissara að því að tengja tónfræðinám betur við hljóðfæranámið, að í núverandi stöðu væri samspil á milli þessa þátta ekki nægjanlegt.

Enn fremur bentu kennarar á að tækifæri fyrir nemendur til að nýta nám sitt utan einkatíma mættu vera fleiri, einkum í formi fjölbreyttara samspils og verkefna sem vinna þvert á hljóðfæri og jafnvel þvert á stíla þar sem klassískt nám og rytmískt nám mætist í samstarfi.

Helstu sjónarmið

- Tækifæri til faglegs samráðs á milli kennara má stórefla.
- Áberandi var í rýnihóp nemenda að þeir óskuðu eftir því að stunda tónlist oftari með samnemendum sínum.
- Nemendur hafa áhuga á meira samspili, kammermúsík og hljómsveit.
- Tengja þarf tónfræðinám betur við hljóðfæranám að mati fjölmargra kennara.
- Skapa má aukinn grundvöll gagnvart því að klassískt nám og rytmískt nám mætist í samstarfi, t.d. fjölbreyttara samspili nemenda.
- Samspil af þessu tagi eru oft að frumkvæði kennara en bent er á að ekki sé skapað formlegt rými til þess í skólastarfi á reglulegum grundvelli.

Tengja þyrfti tónfræðinám betur við hljóðfæranám

Endurskoðun á námsefni í tónfræði er tímabær

Kennarar leggja áherslu á að samþætta þurfi námskrá í tónfræði betur við hljóðfæranám. Tónfræðigrunn þarf í auknum mæli að taka inn í hljóðfæratíma og tengja þannig tónfræðikennsluna við hljóðfærin.

Í rýnihópum nemenda kom fram að nemendur átta sig í mörgum tilfellum ekki nægilega vel á tilgangi tónfræðináms og má ætla að núverandi fyrirkomulag hafi einhver áhrif. Foreldrar benda einnig á þetta og þá undir þeim formerkjum að tónfræði sé ekki nægilega áhugaverð í framsetningu.

Ekki má líta framhjá sjónarmiðum tónfræðikennara í þessu samhengi sem benda í nokkrum mæli á að nýta mætti söng oftár í tónfræðikennslu. Söngur er afar vel til þess fallinn að rækta hæfni í tónheyrn sem er afar mikilvæg í allri tónlistarsköpun.

Í viðtölum og rýnihópum kemur fram að rétt val á námsefni geti aukið áhuga nemenda á viðfangsefninu. Námsefni sé mikið, komið til ára sinna og vekji ekki áhuga eða hvetji nemendur. Það sé því áskorun fyrir kennara að gera námsefnið aðgengilegt fyrir nemendur. Þó nokkrir tónfræðikennarar hanna sjálfir eigið námsefni með tilheyrandi aukavinnu.

Í hnotskurn

- Fjölmargir tónfræðikennarar sýna frumkvæði í að finna nýjar leiðir til að vekja áhuga nemenda.
- Grunnur í tónfræði getur verið kenndur í hljóðfæratímum eins og gert er í einstaka skólum.
- Tónfræði getur leitt til þess að nemendur verði afhuga tónlistarnámi að mati sumra forráðamanna.
- Tillögur um að byrja tónfræðinám seinna á skólagöngunni eru settar fram af forráðamönnum.
- Nýting á stafrænni tækni í tónfræðikennslu er misjöfn milli skóla og kennara.

Meginmarkmið aðalnámskrár eru sýnileg í framkvæmd

Kennarar hafa jákvæða afstöðu til skilgreindra markmiða aðalnámskrár


Meginmarkmið nágildandi aðalnámskrár eru eftirfarandi:

- **Uppeldisleg markmið:** Stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun
- **Samfélagsleg markmið:** Stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi
- **Leikni- og skilningsmarkmið:** Stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda

Í opnum svörum kennara er varða umbætur birtist skýrt að horfa þurfi á nám nemenda í stærra samhengi til uppfylla markmiðin betur en raun ber vitni. Í því skyni mætti styðja betur við skapandi skólaumhverfi sem eflir félagsleg tengsl nemenda. Kennarar nefna enn fremur að efla megi samfélagsleg tengsl í náminu og að fleiri tækifæri séu til staðar fyrir nemendur að koma fram utan skóla.

Meginmarkmið námsins endurspegla framkvæmd námsins á breiðum grunni. Í viðtölum kennara mátti merkja jákvæða afstöðu gagnvart skilgreindum markmiðum. Samkvæmt könnuninni kom hins vegar fram að þeir töldu sig ekki hafa nægan tíma með nemendum til að vinna markmisst að þeim.

Nægir tími kennara með nemendum til að vinna megi með öll þrjú meginmarkmið aðalnámskrár?



Upplýsingar úr kennarakönnun

Skólar hafa sveigjanleika í framkvæmd námsmats


Forsendur sem skólar horfa til í innra námsmati mættu vera sýnilegri út á við í mörgum tilfellum

Innra námsmat þjónar fjölbreyttum markmiðum í tónlistarskólunum og í aðalnámskrá er lögð áhersla á mikilvægi þess að námsmat sé fastur liður í skólastarfi, að matsaðferðir séu fjölbreytilegar og í samræmi við sett markmið. Nefnd eru dæmi um ólíkar leiðir til námsmats og því má segja að tónlistarskólar hafi talsvert frelsi til að hanna námsmat sem hentar viðkomandi stofnun.

Viðtöl og vettvangsheimsóknir leiddu í ljós að tónlistarskólar nýta sér þann sveigjanleika sem mælt er fyrir um í aðalnámskrá þar sem námsmat utan samræmdra áfangaprófa er ólíkt á milli skóla. Þannig er framkoma nemenda á tónleikum metið, áfangapróf eru þreytt og skrifleg próf í tónfræðagreinum. Í foreldrakönnun má sjá að algengasta form námsmats er umsögn að vori þar sem nám nemandans er metið án einkunnargjafar.

Í viðtölum kennara var bent á að námsmat mætti taka oftari til skapandi verkefna og virkni nemenda á ólíkum sviðum námsins. Kennarar kunna vel að meta sveigjanleika en vekja jafnframt athygli á að fjölbreytni í námsmati mætti vera meiri og út frá fleiri þáttum.

Formlegt námsmat



Upplýsingar úr foreldrakönnun

Tónlistarkennarar veita nemendum sínum stöðuga endurgjöf í einkatíma og þá má segja að óformlegt leiðsagnarmat sé innbyggt í starfsemi tónlistarskólanna. Horfa mætti til þess að formgera betur matsferli sem tekur betur utan um leiðsagnarmat og enn fremur má horfa til námsmarkmiðasetningar nemenda í því sambandi.

Huga þarf að breytingum á samræmdum áfangaprófum

Almennt kallað eftir meiri sveigjanleika til að stuðla að jákvæðara og raunhæfara tónlistarnámi

Tilgangur og markmið áfangaprófa

Tilgangur og markmið áfangaprófa skv. aðalnámskrá er að standa vörð um samræmd viðmið um hæfni, tryggja lágmarkskröfur í námi og skera úr um hvar nemandi stendur gagnvart hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Tilgangur prófanna er einnig að afla upplýsinga um nám og kennslu á vissum sviðum innan tónlistarskóla. Um ræðir lokamat þar sem lagt er mat á hæfni nemenda á einum stað og einni stundu. Ljúka þarf áfangaprófi áður en það næsta er þeytt og tónlistarnemendur eiga ekki þess kost að taka t.d. miðpróf án þess að hafa lokið grunnprófi.

Áfangapróf hvetji til framþróunar

Viðhorf skólastjórnenda og kennara gagnvart því að halda í samræmt lokamat eru flest á þá leið að halda í samræmd áfangapróf. Mikilvægt er að samræmd áfangapróf tryggi skilgreind gæði í skólastarfi og séu nemendum hvatning til framþróunar. Almennt benda nemendur sem hafa reynslu af áfangaprófum á að það sé hvetjandi að takast á við þau og að ferlið stuðli að framþróun í námi.

Kennarar og stjórnendur benda þó almennt á að núverandi prófakerfi þarfnist aðkallandi endurskoðunar og þá gagnvart eftirfarandi þáttum sem oftast koma fram:



**Endurskoða
með tilliti til
framvindu náms**



**Aukin krafa um
sveigjanleika**



**Fjölbreyttari
nemendahópur
með ólíkar þarfir**



**Breytt umhverfi
í tónlist**

Skilyrði fjárframlaga háð áfangaprófum

Áfangapróf eru valfrjáls og eiga ekki að stýra kennslu og námi um of og þá henta prófin ekki öllum nemendum. Skilyrði fjárframlaga sveitarfélaga og ríkis til kennslukostnaðar í tónlistarlistarskólum eru þó háð því að nemendur ljúki áfangaprófum. Þá hafa áfangapróf eðli máls skv. áhrif á möguleika nemenda á áframhaldandi nám í tónlist, t.a.m. í menntaskóla í tónlist eða við tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Áfangapróf eru einnig metin til eininga í öðrum skólagerðum nemenda, bæði í grunn- og framhaldsskólum.

Skoða má aukinn sveigjanleika í áfangaprófum

Ef horft verður til aukins sveigjanleika í framkvæmd áfangaprófa þarf engu að síður að viðhalda samræmdum kröfum um hæfni

Mikil umræða var hjá kennurum um hvort tilefni væri til þess að taka upp nýtt mat á áfangaprófum og í stað einkunna yrðu þau metin út frá eftirfarandi þáttum:

1. staðið / fallið
2. leiðsagnarmati

Grunnpróf

Þó nokkrir kennarar telja að grunnpróf ættu að vera almenn og opnari, óháð stílum, til að tryggja að nemendur kynnist fjölbreytileika í tónlist og öðlist breiðan grunn.

Þannig yrði stuðlað að því að nemendur hefðu betri forsendur til að velja sjálfir áframhaldandi námsleið. Greinanámskrár í tilteknum hljóðfærum er í of mörgum tilvikum of krefjandi að sögn kennara og sérstaklega er bent á grunnnám í rytmísku námi í því samhengi.

Miðpróf

Þá koma mörg sjónarmið fram um kröfur í miðprófi sem eru í tilfellum sumra hljóðfæra metnar of miklar og óraunhæfar.

Miðpróf ætti að vera einstaklingsmiðað og meiri sveigjanleiki væri kostur. Bent er á að blanda megí í auknum mæli saman klassískum og rytmískum námskrám til að skapa fjölbreyttari og sveigjanlegri próf. Mikilvægt er að halda inni spuna og frumsköpun.

Framhaldspróf

Sveigjanleiki er einnig nefndur í framhaldsprófum til að nemendur fái tækifæri til að sýna styrkleika sína. Einstök atriði ættu ekki að hindra nemendur í að taka próf. Fjölmargir kennarar leggja til að auka fjölbreytni í námsmati og endurgjöf, t.d. með upptökum frá tónleikum sem hluta af áfangaprófum. Mikilvægt er að undirbúa nemendur fyrir raunverulegar aðstæður í tónlistarheiminum þegar komið er í framhaldsnám.

Framkvæmd og umgjörð áfangaprófa þarfnast endurskoðunar

Talsvert bar á ábendingum varðandi framkvæmd áfangaprófa

Hlutverk prófanefndar

Prófanefnd tónlistarskóla annast samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar í aðalnámskrá og markmið hennar er að tryggja að sambærileg þekking og færni búi að baki prófi. Prófanefnd gefur út reglur um framkvæmd prófanna, þjálfar prófdómara og útvegar hlutlausan prófdómara. Enn fremur annast hún allan vitnisburð og áfangaprófsskírteini. Að auki sér prófanefnd um að semja og meta samræmt áfangapróf í tónfræðum.

Samkvæmt 4. gr. skipulagsskrár prófanefnda ber henni að taka saman heildarniðurstöður prófanna þar sem fram kemur fjöldi og hlutfall nemenda sem þreyta áfangapróf. Auk þess skal nefndin afla upplýsinga um fjölda nemenda í tónlistarskólum. Leitað var eftir þessum upplýsingum hjá prófanefnd sem sendi úttektaraðilum yfirlit.

Endurskoðun líkleg að undangenginni frekari skoðun á framkvæmd

Talsvert bar á ábendingum varðandi framkvæmd áfangaprófanna og hlutverk utanaðkomandi prófanefndar í viðtölum. Sjónarmið eru afar ólík og gefa tilefni til frekari rýni á núverandi fyrirkomulag og aðkomu sérstakrar prófanefndar. Í þessu samhengi þarf einnig að horfa til þess að hlutfall nemenda sem þreyja samræmd áfangapróf er ekki ýkja hátt.

Helstu sjónarmið er komu fram er varða framkvæmd prófa og mögulegra umbóta á þeim eru eftirfarandi:

1. Endurskoða umgjörð og formlegheit.
2. Skoða aukinn sveigjanleika í verkefnavali nemenda.
3. Tryggja að vitnisburðir séu byggðir upp á samræmdan hátt með það að markmiði að þeir séu sanngjarnir og uppbyggjandi.

Framvinda náms er bundin við námstíma fremur en aldur

Ákjósanlegt væri að fleiri næðu að ljúka miðprófi í hljóðfæraleik / grunnprófi í söng við lok grunnskóla og framhaldsprófi við lok framhaldsskóla

Nemendur hefja nám í tónlistarskóla á mismunandi aldursstigum og framvinda náms er bundin við námstíma fremur en aldur. Í núverandi aðalnámskrá er miðað við að flestir nemendur geti lokið grunnnámi á þremur árum en ljóst er að töluverð áskorun er fólgin í því að uppfylla það viðmið. Mið- og framhaldsnám hefur rýmri tíma til lúkningar og þannig er í núverandi aðalnámskrá miðað við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi eftir framhaldspróf.

Sveigjanleiki í framvindu náms er mikilvægur í tónlistarnámi og er í samræmi við ríkjandi nálgun um einstaklingsmiðað nám. Í viðtölum við skólastjórnendur og tónlistarkennara kom fram skýr vilji til þess að endurskoða námskrá með það fyrir augum að nemendur geti lokið við miðpróf við lok grunnskólagöngu í hljóðfæraleik / söng. Eins og staðan er nú er það of erfitt í tilfellum nokkurra hljóðfæra.

Við endurskoðun á tónlistarnámi þarf að taka skýra afstöðu til samfellu í námi.

Eigi að miða við að háskólanám hefjist að loknu framhaldsprófi í hljóðfæraleik og miðprófi í söng þarf að samræma kröfur prófanna og endurskoða þær. Í viðtölum við stjórnendur og kennara kom margsinnis fram að ákjósanlegt væri að fleiri næðu að ljúka miðprófi í hljóðfæraleik / grunnprófi í söng við lok grunnskóla og framhaldsnáms við lok framhaldsskóla.

Um 5% nemenda í grunn- og miðnámi og 12% nemenda á framhaldsnámi ljúka prófum.

Hér verður þó að taka tillit til þess að prófin eru ekki tekin á hverju ári í námi nemandans, heldur að loknum áfanga. Ef gert er ráð fyrir því að grunnnámið sé fjögur ár og álíka margir á hverju ári í námi samsvarar þetta því að 20% nemenda á grunnnámi taki prófin.

Enn fremur má benda á að prófin eru valfrjáls og í viðtölum kennara kom fram skýr vilji til að halda þeim áfram þannig.

Huga að framvindu náms í samhengi við aldur nemenda


Vísbendingar um að aldur nemenda sé að lækka

Í viðtölum við kennara kom í mörgum tilvikum fram að yngri nemendum hafi fjölgað, sérstaklega í rytmísku námi. Taka þarf mið af því við ákvörðun á viðmiðunartíma grunnnáms í aðalnámskrá. Slík þróun getur haft í för með sér þá áskorun fyrir yngri nemendur að ljúka grunnnámi á þeim viðmiðunartíma sem tilgreindur er í aðalnámskrá.

Hafa ber í huga að viðmiðunartíminn var ákvarðaður í aðalnámskrá frá 2000 og að aðstæður gætu því hafa breyst. Tölfræðin styður þó þessa tilgátu, þ.e. að yngri nemendum sé að fjölga, s.s. sjá má á myndinni hér til hægri.

Á hinn bóginn virðist aldur þeirra sem þreyta próf ekki fara lækkandi. Þau gögn frá prófanefnd sem ráðgjafar höfðu til skoðunar ná til síðustu fjögurra ára, en auk þess var horft til skýrslu prófanefndar frá 2012. Þar kom fram að meðalaldur nemenda sem luku klassísku grunnprófi var um 16,1 ár og 21,8 ár í rytmísku grunnprófi.

Í viðtölunum kom fram það mat viðmælenda ráðgjafa að aldur söngnemenda fari lækkandi og á síðastliðnum árum hafi barna- og unglingadeildir í söngnámi verið settar á laggirnar í auknum mæli.




*Fáir þátttakendur voru á framhaldsskólastigi eða í forskóla og því óvarlegt að draga miklar ályktanir, en leitnin er þó eins milli námsstiga


Nemendur í klassísku námi fara sex árum yngri í grunnpróf

Þeir eru þó ekki nema tveimur árum eldri en nemendur í rytmísku námi þegar framhaldsprófi er lokið

Meðalaldur próftaka



Aldur próftaka og fjöldi ára milli prófa



Færri nemendur þreyta próf

Veruleg fækkun próftaka síðustu fjögur ár í rytmísku miðnámi en fjölgun í framhaldsnámi

Taflan hér til hægri sýnir þróun í fjölda próftaka eftir stigum í rytmísku námi annars vegar og klassísku námi hins vegar.

Næstaftasti dálkurinn sýnir hlutfallslega breytingu á síðustu fjórum árum. Það dregur verulega úr fjölda þeirra sem taka próf, alls um 22%.

Neðri hluti töflunnar sýnir áætlun okkar fyrir fjölda nemenda í tónlistarnámi á Íslandi. Þar sem heildarfjöldi nemenda í tónlistarskólum lá ekki fyrir nálguðumst við hann út frá svörum í stjórnendakönnuninni, upplýsingum um nemendur í framhaldsnámi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og upplýsingum frá Hagstofunni um skráða nemendur í tónlistarnámi í framhaldsskólum landsins. Niðurstaða okkar er að nemendur séu alls 12.747 og þar af séu 614 í framhaldsnámi.

Samkvæmt þessu taka um 5% nemenda í grunn- og miðnámi próf en um 12% framhaldsnemenda.

		2020- 2021	2021- 2022	2022- 2023	2023- 2024	Breyting frá 2020-2021	Hlutfall af fjölda nemenda
Rytmík	Grunnpróf	96	80	71	71	-26%	
	Miðpróf	54	19	37	24	-56%	
	Framhaldspróf	17	20	24	23	35%	
Klassísk	Grunnpróf	492	357	377	394	-20%	
	Miðpróf	180	156	143	131	-27%	
	Framhaldspróf	48	42	37	50	4%	
Samtals	Grunnpróf	588	437	448	465	-21%	5%
	Miðpróf	234	175	180	155	-34%	
	Framhaldspróf	65	62	61	73	12%	
Fjöldi prófa alls		887	674	689	693	-22%	5,4%

Áætlaður fjöldi nemenda eftir námsstigum		
Fjöldi framhaldsskólanemenda í skólum sem þiggja framlög Jöfnunarsjóðs		446
Fjöldi nemenda í tónlistarnámi í framhaldsskólum		168
Fjöldi nemenda í framhaldsnámi í tónlist		614
Heildarfjöldi nemenda stjórnendakönnun	9.815	
Hlutfall svara í stjórnendakönnun	77%	
Áætlaður heildarfjöldi nemenda í tónlist, óháð námsstigi		12.747
Áætlaður fjöldi nemenda í tónlist á grunn- og miðstigi		12.133

Aðstaða til náms og kennslu er víðast hvar fullnægjandi

75% kennara telja aðstöðu til kennslu fullnægjandi í sínum skóla en vinnuaðstaða er misjöfn á milli skóla

Aðstaða til kennslu er víðast hvar fullnægjandi

Eðli máls skv. er aðstöðumunur á milli skóla er kemur að kennsluaðstöðu en mikill meiri hluti kennara meta hana fullnægjandi. Í mörgum tilvikum hefur verið vel staðið að framkvæmdum, viðhaldi og uppbyggingu. Þá er mikil ánægja á meðal forráðamanna þar sem yfir 90% telja að námsaðstæður séu fullnægjandi.


Þar sem kennsluaðstaða er metin ófullnægjandi er oft vísað til takmarkaðs fjölda kennslustofa sem getur valdið vandamálum þegar fleiri en einn kennari þurfa að nýta sömu aðstöðu. Einnig er bent á geymsluaðstöðu fyrir hljóðfæri, tæknibúnað, hljóðeinangrun og skort á sérhæfðum kennslurýmum.

Vinnuaðstaða er víðast hvar góð en úrbótatækifæri eru til staðar


Almennt er vinnuaðstaða kennara góð en víða er skortur á vinnuherbergjum. Þetta leiðir til þess að margir kennarar undirbúa sig heima. Bent er á að aðgengi að nótnasöfnum mætti bæta.

Bætt aðgengi að sameiginlegum rýmum myndi stuðla að auknu samtali og samveru milli kennara og skapa betra vinnuumhverfi.

Er aðstaða til kennslu fullnægjandi í þínum skóla?



Er vinnuaðstaða (utan kennslustofa) fullnægjandi í þínum skóla?



STÖÐUMAT



Innra starf, gæði og fagleg þróun

41% skóla vinnur ekki eftir sérstakri skólanámskrá

Samkvæmt gildandi aðalnámskrá skulu tónlistarskólar gefa út skólanámskrá


Skólanámskrárgerð veitir tækifæri til að útfæra sérstöðu og sérhæfingu skóla. Enn fremur má gerð þeirra leggja grunn að mati á gæðum skólastarfsins.

Samkvæmt núverandi lögum nr. 75/1985 á tónlistarskóli rétt á fjárframlögum ef hann kennir eftir námskrá gefinni út af ráðuneytinu eða eftir námslýsingu sem hefur fengið sérstakt samþykki ráðuneytis.

Samkvæmt gildandi aðalnámskrá skulu tónlistarskólar gefa út skólanámskrá sem samræmist markmiðum aðalnámskrár. Með gerð hennar er lögð áhersla á að tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt og markmið

Gerð skólanámskráa er gert hátt undir höfði í núgildandi aðalnámskrá en ljóst er af könnunum og viðtölum að skólanámskrár eru ekki í föstum skorðum hjá nokkuð háu hlutfalli skólanna. Tæplega helmingur skóla endurskoðar skólanámskrá reglulega

Hlutfall skóla sem vinna eftir sérstakri skólanámskrá



■ Vinna eftir skólanámskrá ■ Vinna ekki eftir sérstakri skólanámskrá

Úr stjórndakönnun

Efla má skólanámskrárgerð sem tryggir í auknum mæli gagnsæi og veitir upplýsingar um nálgun hvers skóla fyrir sig.

Stjórnun víða góð en innra starf mætti vera í fastari skoðum

Samstarf stjórnenda og kennara víða gott en í sumum tilfellum vantar upp á reglulega fundi og samráð


Samskipti og samvinna milli kennara og stjórnenda í tónlistarskólum eru almennt góð. Um 75% kennara telja samskiptin við stjórnendur góð eða mjög góð og faglegt samstarf innan skólanna er metið gott eða mjög gott af 81% kennara. Þetta gefur til kynna að traust og faglegur stuðningur sé til staðar, sem er mikilvægur þáttur í árangursríku skólastarfi.

Kennarar upplifa almennt að þeim sé veitt mikið sjálfstæði, sem styrkir þeirra faglegu ábyrgð. Þó eru ábendingar um að í sumum skólum megi bæta formfestu í samskiptum og samráði.

Kennarar leggja áherslu á að faglegt samráð mætti vera reglulegra, sérstaklega þar sem margir kennarar vinna á mismunandi tímum. Reglulegir kennarafundir eru haldnir í sumum skólum en ekki í öllum og skortur á slíkum fundum getur haft áhrif á samræmd vinnubrögð og skipulag.

Í nokkrum tilfellum eru stjórnendur, s.s. skólastjórar og deildarstjórar, í hlutastörfum, sem skapar áskoranir í samhæfingu og stjórnun. Huga þarf að því að auka gagnsæi og skilvirkni í stjórnun með skýrari umgjörð til að tryggja að faglegt starf innan skólanna sé formlegt og vel skipulagt.

Mat kennara á stjórnun og samskiptum innan skóla



Upplýsingar úr kennarakönnun

Ólíkum leiðum beitt við innra gæðamat og eftirlit

81% skólastjóra er með árleg starfsmannaviðtöl


Niðurstöður um gæðaeftirlit og gæðamat í tónlistarskólum sýna að verulegur meiri hluti skóla beitir starfsmannaviðtölum til að meta árangur og þróun innan skólanna. Þetta gefur tilefni til jákvæðrar ályktunar um að þróun og umbætur séu ofarlega á borði.

54% tónlistarskóla fara í reglubundna endurskoðun námskráa í ljósi reynslu af framkvæmd og mati á árangri. Slík endurskoðun er mikilvæg gagnvart því að horfa megi stöðugt til þess að viðhalda gæðum og bregðast við nýjum áskorunum og þörfum nemenda.

Nokkuð er um formlega endurgjöf frá forráðamönnum og hafa þó nokkrir skólar komið á formlegum leiðum til að safna slíkri endurgjöf, t.d. með fundum og könnunum. Þetta er jákvætt skref til að tryggja að raddir forráðamanna fái að heyrast og að skólastarfið taki mið af þeirra upplifun. Efla mætti formlega endurgjöf frá nemendum.

Samhliða þessu nota 46% skóla sjálfsmat kennara til að meta eigin starfshætti. Á heildina litið eru þetta jákvæðar niðurstöður og gefa til kynna að tónlistarskólarnir séu á góðri leið með að innleiða fjölbreyttar aðferðir til gæðaeftirlits og gæðamats. Mikilvægt er að haldið verði áfram á þessari braut.

Innra gæðaeftirlit og umbótastarf innan skóla



Upplýsingar úr stjórnendakönnun

Ýmis þróunarverkefni sýnileg innan fjölmargra skóla

Vilji til umbóta og þróunar er ríkulegur á meðal kennara

Umbætur og þróun í tónlistarkennslu eru í reglulegri og stöðugri endurskoðun meðal kennara. Dæmi um þróunarverkefni sem snúa að umbótum eru gott merki um skýran vilja tónlistarskólanna til að þróa, breyta og bæta. Ekki fer mikið fyrir formlegum og skriflegum áætlunum / stefnu í skólunum gagnvart umbótum og þróun.

Eftirfylgni þróunarverkefna er ekki alltaf markviss og í sumum tilfellum er erfitt að viðhalda þeim eða innleiða jákvæðar breytingar sem af þeim leiða á almennan hátt í skólastarf.

Verkefnum er ýtt úr vör og hvatar sem búa að baki eru yfirleitt þörf fyrir umbætur og þróun, þar sem kennarar vilja mæta þörfum nemenda og fjölbreyttara samfélagi. Þróunarverkefni kennara njóta almennt stuðnings frá stjórnendum.

Ýmis þróunarverkefni sýnileg innan fjölmargra skóla

- Unnið að því að auka aðgengi innflytjenda
- Sjálfsefning nemenda sem glíma við andleg veikindi
- Skapandi tónsmiðjur í samstarfi við framhaldsskóla
- Samspil þar sem nemendur í klassískri deild og rytmískri deild vinna saman
- Einkatímum nemenda skipt í smærri einingar og nemendur sameinaðir í hóptíma með það fyrir augum að efla félagsleg tengsl, veita tækifæri til samspils og tengja tónfræði við hljóðfæri nemenda.
- Nám eingöngu í gegnum samspil
- Nemendaviðtöl þar sem framvinda náms er rædd sem og námsmat
- Nemendamiðað hljóðfæranám þar sem klassísk og rytmísk námskrá er nýtt jöfnum höndum og áhugi nemanda er í fyrirrúmi – blandað nám.

Kennarar sjá fjölmörg tækifæri til umbóta

Ljóst er að innan tónlistarskólakerfisins er skýr vilji til umbóta og þróunar. Leitað var eftir sjónarmiðum kennurum um umbætur og þróun á íslensku tónlistarskólakerfi.

Helstu tækifæri sem nefnd eru í því samhengi eru eftirfarandi:

1. Auka aðgengi og vinna í auknum mæli með sérþarfir nemenda
2. Endurskoða námskrá og kennsluhætti
3. Efla nýliðun á meðal kennara
4. Endurskoða prófakerfi og framkvæmd prófa
5. Skoða leiðir til að efla samstarf og samfélagsþátttöku

Notkun stafrænna lausna er háð áhuga og þekkingu kennara

67% kennara nýta stafræna tækni í kennslu

Stafræn þróun er mikill áhrifapáttur í íslensku menntakerfi. Formlegar stefnur um notkun lausna innan tónlistarskóla eru almennt ekki til staðar. Notkun á stafrænni tækni er að mörgu leyti ómarkviss og er það að mestu að frumkvæði kennara hvort eða hvaða tæknilausnir eru teknar upp.

Fáir skólar útvega kennurum sínum spjaldtölvur en almennt nota kennarar eigin tæki, eins og fartölvur og snjalltæki.

Fjöldmargir kennarar sjá tækifæri í stafrænum lausnum til að styðja við faglegt starf og horfa til notkunar lausna sem snúa að heimanámi og nótnaveitum.

Aðgengi að smáforritum og/eða tæknibúnaði er æði misjafnt milli skóla. Ekki er að finna skýrar stefnur innan skóla til að styðja við nýjar leiðir til kennslu á þessu sviði.

Margir kennarar leggja þó áherslu á að verja persónuleg tengsl þar sem tónlistarnám er í eðli sínu nám sem byggir á trausti og nánnum samskiptum.

Í hnotskurn

- YouTube og Spotify eru algeng verkfæri í kennslu og eru nýtt til að kynna tónlist, tónlistarstíla og stefnur fyrir nemendum.
- Spjaldtölvur eru í notkun fyrir ýmis smáforrit, s.s. fyrir kennslu á píanó, tónfræðiforrit og nótnalestur.
- Efni og nótum er deilt með nemendum í gegnum skýjalausnir.
- Nokkrir kennarar nota skýjalausnir til verkefnaskila og fjarkennslu.
- Í einhverjum tilvikum eru nemendur teknir upp, ýmist með hljóð- eða myndbandsupptöku, m.a. til að aðstoða við heimaæfingar. Huga þarf að því að slíkar upptökur standist kröfur um persónuvernd.
- Sumir kennarar nefna að tæknibúnaður í skólum mætti vera betri.

Skortir víða skýrari stefnu og aðgerðaáætlun um endurmenntun

Tónlistarumhverfi samtímans er kvikt og síbreytilegt gagnvart nýjum straumum og stefnum í tónlist.

Virk endurmenntun stuðlar að aðlögunarhæfni kennara sem getur betur mætt nemendum sem hafa ólíkar þarfir og áhuga á tónlist.

Efla vettvang með jafningjafræðslu.

Viðtöl við tónlistarkennara og skólastjórnendur sýna að það er almenn samstaða um mikilvægi starfsþróunar og endurmenntunar. Tækifæri til þessa telja margir kennarar þó ekki vera næg og enn fremur skorti víða skýrari stefnu og aðgerðaáætlun.

Skipulögð endurmenntun: Algengt er að hún fari fram á starfsdögum í upphafi skólaárs. Sumir skólar halda sérstaka starfsþróunardaga í samstarfi við aðra skóla. Náms- og skólaferðir erlendis með fjárhagslegum stuðningi stéttarfélags eru nokkuð algengur valkostur og bæði skólastjórnendur og kennarar telja þær mikilvægan áhrifaþátt í starfsþróun.

Samráð: Kennarar benda á skort á formlegum vettvangi til faglegs samráðs. Þetta gefur til kynna takmörkun á tækifærum fyrir sameiginlega faglega þróun innan skólaumhverfisins.

Árangur af samstarfi: Þegar tækifæri gefst til samstarfs og jafningjafræðslu er það talin árangursrík leið til að stuðla að vexti og þróun í starfi að mati kennara. Tækifæri til þessa eru ekki næg að mati margra kennara.

Framboð: Kennarar í dreifbýli upplifa takmörkuð tækifæri til endurmenntunar. Þá er bent á þörf fyrir námskeið í skapandi hluta starfs, kennslu í spuna og frumsköpun.

Hluti af tónlistarlífinu: Kennarar og skólastjórnendur leggja margir áherslu á mikilvægi þess að vera virkur í tónlistarlífinu, það sé gott tæki til starfsþróunar, bæði til eigin vaxtar og sem fyrirmynd fyrir nemendur.

Einstaklingsmiðuð nálgun: Kennarar hafa frumkvæði að því að skipuleggja eigin endurmenntun og stjórnendur leggja áherslu á sveigjanleika og frelsi til þess.

Aðlögun að breyttum nemendahópum: Samfélagsbreytingar hafa áhrif á nálgun í tónlistarkennslu. Skólastjórnendur og kennarar taka eftir því að nemendahópurinn er að breytast og verða fjölbreyttari. Þetta kallar á breytta nálgun og meiri áherslu á lýðheilsusjónarmið í kennslu. Bent er á vaxandi þörf fyrir námskeið og endurmenntum sem taka til þeirra. Síbreytilegar kröfur og aukin fjölbreytni í nemendahóp kallar á aukna endurmenntun.

Nýliðun er vaxandi áhyggjuefni

Flestir
viðmælendurnir
telja nýliðun vera
vaxandi
áhyggjuefni og þá
einkum og sér í
lagi í dreifbýli.

Viðtöl við skólastjóra tónlistarskóla varpa ljósi á ýmsar áskoranir tengdar nýliðun og menntun tónlistarkennara á Íslandi:

Nýliðun er vaxandi áhyggjuefni

Flestir viðmælenda telja nýliðun vera vaxandi áhyggjuefni og þá einkum og sér í lagi í dreifbýli. Bent er á að umsóknum um tónlistarkennarastöður hafi farið fækkandi í mörgum tilfellum og lýsa skólastjórar yfir áhyggjum af því að fari sem horfi verði áskorun að manna kennarastöður með menntuðum og hæfum tónlistarkennurum.

Talsvert er um að skólastjórar í dreifbýli leiti út fyrir landsteinana eftir tónlistarkennurum. Brýnt er að gera kennarastarfið meira aðlaðandi og skapa betri vinnuskilyrði í dreifbýli.

Menntun tónlistarkennara – hvatar til kennaranáms

Bent er á að hvati til kennsluréttindanáms á meistarastigi sé ekki nægur fyrir kennara með mikla starfsreynslu og það sé áskorun fyrir kennara á landsbyggð að bæta við sig kennsluréttindum á meðan ekki er boðið upp á slíkt í fjarnámi.

Hæfniramma kennara gæti stuðlað að auknum gæðum

Meirihluti kennara hefur að baki háskólamenntun í tónlist, ýmist á sviði kennslu eða hljóðfæraleiks

Tónlistarkennari I – hefur ekki lokið framhaldsprófi í tónlist


Tónlistarkennari II – hefur lokið framhaldsprófi í tónlist skv. aðalnámskrá tónlistarskóla, stúdentsprófi eða öðru lokaprófi úr framhaldsskóla á 3. hæfniprepi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla með tónlist sem aðalnámsgrein (að lágmarki 90 einingar)

Tónlistarkennari III – hefur lokið kennaraprófi, BM-prófi, B.Ed.-prófi með tónmenntarvali eða sambærilegu 180 ECTS eininga háskólanámi í tónlist.

Kennsluréttindi eru ekki skilyrði fyrir því að starfa við tónlistarkennslu. Formleg skilgreining á hæfni- viðmiðum tónlistarkennara, að undanskildum viðmiðum um menntun tónlistarkennara í kjara- samningum, er ekki til staðar.

Hæfniramma myndi stuðla að gæðum í námi, markvissari starfsþróun og endurmenntun. Jafnframt nýtist hæfniramma í ytra og innra mati á gæðum í skólastarfi. Enn fremur má horfa til slíks ramma við skipulagningu tónlistarkennaramenntunar.

Flestir tónlistarkennarar í úrtaki eru í flokknum tónlistarkennari III



Upplýsingar úr kennarakönnun

Skólastjórnendur og tækifærin framundan

Í könnun til allra skóla voru skólastjórar beðnir um að deila framtíðarsýn sinni fyrir tónlistarskólann með svari við opinni spurningu. Fjölmörg svör eru í fullum takti við sjónarmið sem kennarar komu á framfæri um þróun og umbætur.

Alls svöruðu 55 stjórnendur og draga má svör þeirra saman í eftirfarandi þætti:

- | | |
|--|---|
| 1. Auka fjölbreytni í námsvali | 7. Horfa til nýsköpunar og fjölbreyttari kennsluhátta |
| 2. Horfa til sveigjanlegri námsleiða | 8. Kanna tækifæri til að efla stafrænt nám |
| 3. Efla aðgengi að námi | 9. Efla samstarf við aðrar menntastofnanir |
| 4. Efla samspil og hópnam | 10. Áhersla á starfsþróun og endurmenntun |
| 5. Rækta og efla samfélagsleg tengsl skólans | |
| 6. Efla sýnileika tónlistarskóla | |

STÖÐUMAT



Samfélag, samstarf og upplýsingagjöf

Forráðamenn eru ánægðir með samskipti við tónlistarskóla

Langflest samskipti eru í gegnum tölvupóst

Kennarar í tónlistarskólum nota fjölbreytta stafræna tækni og samskiptaforrit í kennslu sinni og samskiptum. Samskipti við forráðamenn fara að mestu fram í gegnum tölvupóst (96%), SMS og símtöl, en einnig eru samfélagsmiðlar eins og Facebook og Messenger nýttir.

Samskipti við nemendur eru almennt góð, en sumir kennarar leggja meiri áherslu á persónuleg tengsl og beinar samskiptaleiðir. Skipulögð foreldraviðtöl eru ekki algeng.


Margir tónlistarskólar eru að innleiða samskiptaforritið SpeedAdmin sem er notað til að skrá mætingu og halda utan um viðburði og nemendaskráningar. Það er þó misjafnt hversu opnir kennarar eru fyrir því að nýta sér þetta forrit og margir hverjir vilja halda í persónuleg samskipti.

Google Classroom er í einhverjum tilvikum notað til verkefnaskila og fjarkennslu. Facebook-hópar eru einnig nýttir til samskipta við nemendur og foreldra, sem og til að deila efni og upplýsingum.

Ánægja með upplýsingagjöf

9% forráðamanna annað hvort óánægð eða mjög óánægð

75% forráðamanna annað hvort ánægð eða mjög ánægð



Úr foreldrakönnun. Ánægja með upplýsingagjöf.

Um 40% skóla hafa ekki sett sér stefnu í persónuvernd. Í ljósi þess að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar skv. persónuverndarlöggjöf er mikilvægt að slík stefna sé til staðar sem svo stýri forsendum við val á upplýsinga- og samskiptakerfum.

Skólar leggja mikið upp úr tengslum við samfélagið

Sýnileiki skólanna í samfélaginu er talinn mikilvægur en mætti vera meiri

Tónlistarskólarnir leggja mikið upp úr tengslum við samfélagið sem felst einkum í því að skólar bjóða upp á tónlistarflutning nemenda í ýmsum stofnunum.

Nemendur koma fram á dvalarheimilum, í leikskólum, kirkjum og við ýmis önnur tækifæri, sem eykur sýnileika þeirra og skólans í samfélaginu. Þeir taka þátt í leiksýningum og söngstundum í grunnskólum.

Samstarf við utanaðkomandi menningarstofnanir og þátttaka í viðburðum hjá félagasamtökum og/eða fyrirtækjum styrkir tengsl skólanna við grenndarsamfélagið. Tónleikahald fer oft fram í kirkjum eða listasöfnum vegna skorts á aðstöðu í skólunum sjálfum.

Þó er eðli máls skv. mismunandi hversu mikið ytra samstarf er á milli skóla.

Í hnotskurn

- Nemendur koma víða fram, t.d. á dvalaheimilum, í fyrirtækjum og hjá félagasamtökum.
- Nemendur læra mikið af því að fara út úr skólanum.
- Tónleikahald eða verkefni utan tónlistarskólanna mætti vera meira til að auka sýnileika og hvatningu fyrir nemendur.

Krafan um aukið aðgengi og þátttöku kallar á ný sjónarhorn á tónlistarmenntun

Kennarar og skólastjórnendur eru almennt sammála um að framboð af fjölbreyttri tónlistarmenntun sé tiltölulega gott á Íslandi og vilji til að tryggja aðgengi nemenda að því sé sterkur.

Undanfarna áratugi hafa tónlistarskólar verið að víkka út hlutverk sitt og bæði í viðtölum við kennara og skólastjórnendur kom skýrt fram meiri áhersla á lýðheilsu og samfélagslegan ávinning tónlistarnáms.

Rík áhersla er á þátttöku og aðgengi í opinberri menntastefnu til ársins 2030 þar sem meginstoðin er „Jöfn tækifæri fyrir alla“.

Í nýlegri stefnu um málefni tónlistar 2023–2030 er lögð áhersla á að á Íslandi skuli vera aðgengi að fjölbreyttri tónlistarmenntun á öllum skólastigum og að börn og unglingar eigi að geta haft aðgang að tónlistarnámi óháð bakgrunni og búsetu.

Krafan um aukið aðgengi og þátttöku kallar á ný sjónarhorn á tónlistarmenntun sem nýtur opinbers stuðnings. Eðli máls skv. þarf að horfa til fjölbreytileikans og stefna að því að tónlistarmenntun sé við hæfi ólíkra nemenda, með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Tryggja þarf að þeir sem vilja og hafa áhuga á að stunda tónlistarnám hafi greiðan aðgang að tónlistarskóla.

Mikilvægt að tónlistarnám sé kynnt betur fyrir öllum hópum samfélagsins

Um 50% kennara og 53% stjórnenda telja aðgengi að tónlistarnámi eftir búsetu, efnahag og bakgrunni ábótavant

Þó nokkrar áskoranir í tengslum við jafnt aðgengi fyrir nemendur eru merkjanlegar í niðurstöðum kannana sem benda til að aðgengi að tónlistarnámi eftir búsetu, efnahag og bakgrunni sé ábótavant.

Aðeins 18% kennara og 28% stjórnenda eru sammála eða mjög sammála því að aðgengi nemenda með sértækar stuðningsþarfir sé fullnægjandi.

Nokkuð hátt hlutfall kennara (54%) og stjórnenda (69%) telja á sama tíma skort á fagmenntuðu starfsfólki til að mæta sértækum þörfum nemenda.

Um 45% stjórnenda og kennara telja að innflytjendur nýti sér framboð tónlistarnáms eins og aðrir.

Í ljósi þessa er mikilvægt að tónlistarnám sé kynnt betur fyrir öllum hópum samfélagsins með áherslu á að ná til þeirra hópa sem hafa haft minna aðgengi hingað til.

Helstu sjónarmið sem fram komu og varða hindranir í aðgengi að tónlistarskólunum eru eftirfarandi:

- Skólagjöld
- Skortur á sýnileika tónlistarskóla
- Tilvik þar sem skólar fá ekki aukið kennslumagn til að mæta eftirspurn

Á móti var spurt út í þætti sem viðmælendur telja greiða aðgengi að tónlistarnámi:

- Samstarf við leikskóla, grunnskóla og önnur skólastig
- Öflug kynningarstarfsemi
- Frístundastyrkir
- Lægri skólagjöld

Samstarf við grunnskóla á skólatíma


Samstarf við grunnskóla eykur sýnileika tónlistarskóla, aðgengi og hefur áhrif á skólabrag

Samstarf felst einkum í því að grunnskóli veitir aðstöðu til hljóðfærakennslu þar sem nemendur fara úr kennslustund til að sækja einkatíma til tónlistakennara. Tónlistarskólar bjóða einnig víða upp á forskóla fyrir yngri bekki grunnskólanna. Jákvætt er að sjá að tónlistarnám er í auknum mæli metið til eininga innan framhaldsskóla og grunnskóla.

Almennt ríkir sátt um samstarfið og tónlistarkennarar segja árangursríkt í flestum tilfellum að einkatímar í tónlistarnámi séu hluti af stundaskrá nemanda í grunnskólanum. Þetta fyrirkomulag henti þó ekki öllum nemendum og í því ljósi sé mikilvægt að mæta nemendum í slíkum tilfellum. Betra upplýsingaflæði milli grunnskóla og tónlistarskóla er nauðsynlegt, sérstaklega varðandi líðan nemenda og greiningar. Nemendur með sérþarfir fá oft ekki nægan stuðning og það vantar sérþekkingu innan skólanna.

Bæta má upplýsingagjöf og samstarf á milli grunnskóla og tónlistarskóla gagnvart upplýsingum og stuðningi við nemendur með sérþarfir.

Býður skólinn upp á nám í samstarfi við grunnskóla?



Upplýsingar úr stjórndakönnun

Mikill meirihluti tónlistarskóla býður upp á nám í samstarfi við grunnskóla á skólatíma. Leggja þarf áherslu á að samstarfið sé á forsendum beggja aðila.

Tónlistarskólar myndu njóta góðs af auknu samstarfi

Aukin tækifæri eru til staðar í fjarkennslu

Almennt eru skólastjórnendur (70%) og kennarar (75%) sammála um að samstarf á milli tónlistarskóla gæti verið meira og markvissara.

Minni skólar á landsbyggðinni myndu njóta góðs af samstarfi í kennslu í hóptímum, samspili og tónfræðagreinum þar sem nemendur eru fáir. Því fylgja þó áskoranir þar sem langar vegalengdir kalla á skólaakstur eða annars konar lausnir.

Tækifæri eru víða til staðar er tengjast aukinni fjarkennslu en tryggja þarf viðeigandi búnað til slíkrar kennslu.

Bent er á fjölmargar áskoranir er tengjast fyrirkomulagi fjarkennslu í tónlistarnámi – þó kom fram að hægt væri að horfa til þess að samnýta kennslu í tónfræðikennslu með þessum hætti á milli skóla í mun meira mæli.

Samstarf milli skóla á sér stað á ýmsum sviðum og tekur til ólíkra þátta í starfsemi skólanna

- Sampilshópar á milli skóla.
- Kennsla í tónfræðagreinum samnýtt milli skóla.
- Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskólanna: Reykjavík, Kraginn, Suðurland, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland og Austurland.
- Sameiginlegt námskeiðahald fyrir tónlistarkennara á ákveðnum landsvæðum.

6

FJÁRMÖGNUN

Fjármögnun tónlistarskólanna. Leitast við að draga fram hvernig tónlistarnám er fjármagnað á Íslandi. Gerður samanburður á rekstri á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.

Langflestir tónlistarskólar eru í rekstri sveitarfélaga

Þrjú rekstrarform tónlistarskóla


Skólar sem eru alfarið reknir af sveitarfélagi er algengasta rekstrarform tónlistarskóla á Íslandi

Rekstur tónlistarskóla er valkvætt verkefni hjá sveitarfélögum en rekstur á vegum sveitarfélaga er algengasta rekstarform tónlistarskóla á Íslandi. 51% skóla er í rekstri sveitarfélags og 18% sem deild innan grunnskóla. Flestir þessara skóla eru á landsbyggðinni en einnig á höfuðborgarsvæðinu.

Skólar sem reknir eru sem deild innan grunnskóla og eru allir á landsbyggðinni að einum undanskildum.

Sjálfstæðir skólar eru um þriðjungur allra skóla

Sjálfstæðir skólar fá framlag frá sveitarfélögum og frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Allir sjálfstætt starfandi skólar eru á höfuðborgarsvæðinu að einum undanskildum




Rekstrarhalli tónlistarskóla er borinn af sveitarfélögum

Framlög sveitarfélaga til sjálfstætt rekinna tónlistarskóla eru meiri en sem nemur launakostnaði þeirra

Ráðgjafar ARCUR leituðu til Hagstofu Íslands eftir upplýsingum um framlög sveitarfélaganna til tónlistarskólanna. Við höfum fært upplýsingarnar á verðlag í janúar 2024, þannig að auðveldara verði að bera saman árin.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verða árin 2014–2023, alls 10 ár, til umfjöllunar. Á myndinni hér til hægri er þó árið 2023 skoðað sérstaklega. Þar má sjá að launakostnaður var um 48% af rekstrarkostnaði ársins, um 15% voru annar kostnaður, þ.m.t. húsnæði, um 37% voru framlög til sjálfstætt rekinna skóla. Til að mæta kostnaðinum voru skólagjöld um 9% og framlög Jöfnunarsjóðs, skv. sérstöku samkomulagi til að styrkja tónlistarnám, námu 10%. Hallinn var alls um 6,1 ma.kr., þ.e. 82% af rekstrarkostnaði. Þann halla bera sveitarfélögin.

Hér hefur fjárhagsstaða sjálfstætt rekinna skóla ekki verið tekin með, en í könnun sem ARCUR gerði í maí 2024 má sjá að flestir þeirra eru reknir hallalausir og framlög sveitarfélaga til þeirra þekja launakostnaðinn ríflega.




Rekstur sveitarfélaga vegna tónlistarskóla um 7,5 ma.kr.

Við það bætist rekstrarkostnaður sjálfstætt rekinna tónlistarskóla

Á myndinni hér til hægri er yfirlit yfir rekstrarkostnað sveitarfélaga vegna tónlistarskóla. Tölurnar eru unnar upp úr sérvinnslu frá Hagstofu Íslands. Ráðgjafar færðu allar tölur á janúarverðlag 2024.

Sjá má að rekstrarkostnaður á föstu verlagi hækkaði ár frá ári árin 2017–2022 en lækkaði umtalsvert árið 2023, um ríflega 500 m.kr. sem samsvarar um 6% lækkun kostnaðar.

Eins og sjá má í töflunni á næstu síðu átti lækkunin sér öll stað utan höfuðborgarsvæðisins, en á höfuðborgarsvæðinu hækkaði rekstrarkostnaður lítillega (2%) en hækkaði um 12% á milli 2022 og 2023.



Framlög til sjálfstætt starfandi á höfuðborgarsvæðinu

Ólíkur rekstur og skólagjöld nema lægra hlutfalli af rekstrarkostnaði á höfuðborgarsvæðinu en utan þess

Höfuðborgarsvæðið											
m.kr.	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	% kostn.
Tekjur (skólagjöld)	132	140	143	153	160	152	158	149	97	141	4%
Launakostnaður	646	728	741	866	890	932	947	953	518	937	29%
Annar rekstrarkostnaður	174	185	165	203	196	166	212	181	96	191	6%
Styrkir og annað	2.011	2.068	2.253	2.187	2.195	2.241	2.244	2.274	2.543	2.087	65%
Rekstrarkostnaður alls	2.831	2.982	3.158	3.255	3.280	3.340	3.403	3.409	3.158	3.215	
Utan höfuðborgarsvæðisins											
m.kr.	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	% kostn.
Tekjur (skólagjöld)	429	477	513	609	636	644	572	578	612	498	12%
Launakostnaður	2.000	2.349	2.233	2.657	2.738	2.753	2.800	2.933	2.921	2.656	62%
Annar rekstrarkostnaður	772	900	852	903	1.015	1.009	981	960	1.044	922	22%
Styrkir og annað	501	513	516	626	672	690	690	583	882	692	16%
Rekstrarkostnaður alls	3.273	3.762	3.601	4.186	4.426	4.452	4.471	4.476	4.847	4.270	

Rekstrarkostnaður sveitarfélaga, að frádregnum tekjum, er um 6,1 ma.kr. Nemendur í tónlistarnámi, þ.e. í grunn- og miðnámi, eru um 12.100. Af því má leiða að nettókostnaður á hvern nemanda er um 500.000 kr. á ári. Ef gert er ráð fyrir því að jafnaði að hver nemandi fái um 1–2 klst. í kennslu í viku og kennt sé í 35 vikur kostar hver kennslustund 7.200–14.400 kr.

Framlög ríkis til Jöfnunarsjóðs og framhaldsskóla


Skólagjöld nema lægra hlutfalli af rekstrarkostnaði á höfuðborgarsvæðinu en utan þess

Sjá má á myndinni að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til tónlistarnáms lækkuðu um 200 m.kr. í kjölfar þess að gert var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þann 13. apríl 2016.

Framlagið er hér verðbætt með vísitölu sem breytist 85% skv. breytingu á launum opinberra starfsmanna og 15% skv. vísitölu neysluverðs.

Auk framlaga til Jöfnunarsjóðsins leggur ríkissjóður til framlög til reksturs tónlistarnáms í framhaldsskólum landsins ásamt því sem rekstur Menntaskólans í tónlist er á vegum ríkisins. Framlag ríkisins til skólans árið 2022 nam um 420 m.kr.

Framlög Jöfnunarsjóðs til stuðnings og eflingar tónlistarnáms



Framlög sveitarfélaga hærri en launakostnaðurinn

Halli af rekstri tónlistarskólanna er borinn af sveitarfélögunum

Sveitarfélög og þeir sem vilja koma á fót tónlistarskóla geta notið fjárhagslegs stuðnings í samræmi við lög nr. 75/1985, þ.e. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.


Í 7.–10. gr. laganna segir að sveitarfélög skuli greiða launakostnað kennara og skólastjóra óháð því hvort þau reki skólana sjálf eða ekki, enda hafi þau samþykkt rekstraráætlun þeirra skóla sem þau reka ekki sjálf.

Skólagjöldum er að öðru jöfnu ætlað að greiða allan annan kostnað skólanna. Sjá má skiptinguna í töflunni hér til hægri. Þar má sjá að framlög sveitarfélaganna standa undir launum.

Gert var samkomulag ríkis og sveitarfélaga þann 13. apríl 2016 um jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkvæmt samkomulaginu skyldi ríkissjóður greiða sveitarfélögunum 520 m.kr. árlega. Skyldi framlagið verðtryggt að 85% miðað við breytingar á launum skv. kjarasamningum BHM og 15% miðað við forsendur fjárlaga. Framlagið var skilyrt við nemendur sem lokið hefðu miðnámi að fullu í aðalnámsgrein og aukanámsgreinum í hljóðfæraleik og nemendur sem lokið hefðu grunnprófi í söng.

Myndin sýnir hlutföll í rekstrarkostnaði allra tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, ásamt framlögum sveitarfélaga til sjálfstætt rekinna skóla.


Hlutfall helstu rekstrarliða af rekstrarkostnaði



Framlög úr Jöfnunarsjóði hafa lækkað um 37% síðasta áratug

Framlög til Menntaskólans í tónlist hafa hins vegar bæst við og gera meira en að vega það upp

Framlög á íbúa til stuðnings og eflingar tónlistarnáms á föstu verðlagi



Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til stuðnings og eflingar tónlistarnáms hafa dregist saman ef þau eru reiknuð á hvern íbúa og á föstu verðlagi.

Það vekur athygli að meira er að jafnaði greitt á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu en fyrir hvern íbúa á landsbyggðinni, sennilega vegna þess að færri nemendur sækja framhaldsnám á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Framlög sveitarfélaganna um 7 ma.kr. á ári


Umfang starfseminnar minnkar á milli ára frá 2019

Myndin sýnir framlög sveitarfélaga á föstu verðlagi ársins 2023. Verðlagsbreytingar eru reiknaðar skv. samsettri vísitölu launa opinberra starfsmanna (85%) og neysluvísitölu (15%).

Hlutfall tekna af heildarútgjöldum hefur verið á bilinu 8–10%, lægst á síðasta ári en hæst árin 2016–2019.

Tekjurnar hafa einnig lækkað í upphæðum, voru um 812 m.kr. þegar þær voru hæstar en voru um 620 m.kr. á síðasta ári, þegar þær voru lægstar.

Heildarútgjöld sveitarfélaganna hafa einnig lækkað ár frá ári, frá því að þær voru hæstar árið 2019 um 7.967 m.kr. í um 7.331 m.kr. á síðasta ári, sem samsvarar 2% raunminnkun á milli ára að jafnaði frá 2019.




Framlög sveitarfélaga þekja launakostnað

Ráðgjafar ARCUR fengu sendar rekstrarupplýsingar frá um 35 tónlistarskólum, en beiðni um þær fór á alla skólana (77). Að teknu tilliti til þess hve dræm skilin voru verður hér unnið með hlutföll frekar en krónutölur.

Myndin hér til hægri sýnir að framlög sveitarsjóða og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga standa að jafnaði undir launakostnaði við kennslu, sem og öðrum launakostnaði tónlistarskóla. Þegar einstakir skólar eru skoðaðir kemur hins vegar fram að í 15 skólum af 35 stóðu framlögin ekki undir launakostnaði.

Framlög frá sveitarfélögum eru ýmist bein til skólanna eða með þeim hætti að sveitarsjóður annast rekstur tónlistarskólanna.

Hafa verður þann fyrirvara á að skil fjárhagsupplýsinga voru ekki sett fram eins og um var beðið í öllum tilvikum og hafa ráðgjafar ARCUR einungis gert leiðréttingar sem virtust augljósar.



Styrkleikar og veikleikar ólíks rekstrarforms*

Helstu styrkleikar

Tónlistarskólar sem deild innan grunnskóla

- Samlegðaráhrif við stoðþjónustu grunnskóla
- Sýnileiki tónlistarnámsins er mikill
- Greitt aðgengi að nemendum
- Aukin tækifæri til þverfaglegs samstarfs á milli skólastiga

Tónlistarskólar í rekstri sveitarfélaga

- Stöðugleiki í rekstri
- Greitt aðgengi að stjórnsýslu – meiri samskipti, styttri boðleiðir
- Samnýting stoðþjónustu með sveitarfélagi
- Tækifæri til þverfaglegs samstarfs á milli skólastiga

Sjálfstæðir tónlistarskólar með framlögum

- Aukinn sveigjanleiki gagnvart því að móta sérstöðu
- Skýr sýn eigenda á stefnu og nálgun
- Færri boðleiðir gagnvart stefnumarkandi ákvörðunum

Helstu veikleikar

- Áskorun að skapa sérstöðu
- Umboð deildarstjóra til ákvarðanatöku ólíkt á milli sveitarfélaga
- Ólíkir kjarasamningar starfsfólks grunnskóla og tónlistardeildar
- Menningarmunur á milli ólíkra skipulagsheilda gæti haft áhrif
- Hagsmunir grunnskóla og tónlistardeildar eru ekki ætíð þeir sömu

- Stjórnendur ekki alltaf upplýstir um rekstur og fjárhag sem getur flækt ákvarðanatöku
- Lengri ferlar til formlegrar ákvarðanatöku þrátt fyrir styttri boðleiðir

- Óvissa um fjármögnun
- Þjónustusamningar oft til skamms tíma
- Skólar sjá að öllu jöfnu um alla rekstrarþætti sem þrýstir á stærri yfirbyggingu

7

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR

Ábendingar og eftir atvikum tillögur sem leitt geta til þess að tónlistarnám á Íslandi verði markvissara, skilvirkara og af betri gæðum

Tillögur

01 Ytra gæðaeftirlit með tónlistarskólastarfi

Virkja þarf ytra eftirlit með tónlistarskólastarfi með markvissari hætti. Matsviðmið í ytra mati þarf að skilgreina og virkja ferla til framkvæmdar og eftirfylgni. Einnig mætti horfa til þess að styðja skóla betur í að starfrækja virkt gæðaeftirlit innan skóla.

04 Skólanámskrárgerð er vannýtt tækifæri

Skólanámskrárgerð er tækifæri til að útfæra sérstöðu og sérhæfingu skóla sem og að styðja við gæðaeftirlit. Átak þarf að gera í kerfinu.

02 Öflugt utanumhald um upplýsingar og tölfræði

Liggja þarf skýrar fyrir hver ber ábyrgð á upplýsingaöflun og úrvinnslu / greiningu um tónlistarskólakerfið. Verulegur skortur á upplýsingum hindrar stefnumótun, þróun og ákvarðanatöku.

05 Skýrari skilgreining á samsetningu náms

Skilgreina þarf viðmið um hvað felst í því að vera í fullu tónlistarnámi í íslenskum tónlistarskóla í aðalnámskrá.

03 Endurskoðun viðmiða og framkvæmd áfangaprófa

Endurskoðun áfangaprófa er tímabær og horfa þarf til þess að skapa aukinn sveigjanleika fyrir nemendur þvert á tónlistarstíla. Opna þarf á möguleika þess að áfangapróf á öllum stigum taki til fleiri hæfnipátta sem endurspeгла meginmarkmið náms, s.s. tónlistarflutnings á tónleikum og samspils með samnemendum.

06 Heildarlöggjöf um tónlistarskóla

Brýnt er að setja ný heildarlög um starfsemi tónlistarskóla þar sem útfæra má skýra umgjörð fyrir skipan tónlistarnáms, hlutverk ráðuneytis og sveitarfélaga og skilgreiningu á ábyrgð og skyldum gagnvart þeim skólum sem starfa eftir aðalnámskrá og falla undir lögin.

07 Auka skilvirkni náms með samstarfi eða sameiningu

Fjöldi skóla vekur athygli og vekur upp spurningu um skilvirkni, þ.e. gæði og magn náms sem fæst fyrir hverja krónu sem lögð er í námið. Þetta á ekki síður við um framhaldsnám en grunn- og miðnám. Það kann að vera ástæða til að hvetja til aukins samstarfs eða jafnvel sameiningar rekstrareininga.

08 Skapa vettvang fyrir fagstarf tónlistarkennara

Fram hefur komið að kennarar vinni oft án skilgreinds samráðs og/eða samstarfs. Hvetja má til aukinnar þekkingarmiðlunar og þróunar kennsluaðferða með formlegri hætti. Þar væri lögð áhersla á að deila reynslu og hugmyndum, þróa nýjar og betri kennsluaðferðir, nýsköpun og almennt samstarf.

Ábendingar og mögulegar umbætur

1. Hagnýting reynslu og þekkingar innan kerfis

Ýmis þróunarverkefni og sérverkefni sýna að þekkingarsköpun og framþróun er virk meðal kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Nýta mætti í auknum mæli þróunar- og nýsköpunarverkefni sem grunn að umbótum á kerfi sem er almennt faglegt og gott en þarf að bregðast betur við breyttu landslagi.

2. Kröfur í samræmdum áfangaprófum

Samræma þarf kröfur milli hljóðfæra, tryggja þarf betur að námsframvinda geti verið í samræmi við önnur skólastig, t.a.m. að unnt sé í auknum mæli að ljúka miðprófi við lok grunnskólanáms.

3. Fjölbreyttara val á námsleiðum

Auka mætti framboð af námsleiðum í takt við fjölbreyttara samfélag, m.a. til að bæta aðgengi að tónlistarnámi og síbreytilegu umhverfi tónlistar.

4. Upplýsingatækni, persónuvernd og stafræn þróun

Skólar þurfa að móta skýra stefnu um notkun stafrænnar tækni, sérstaklega varðandi varðveislu og förgun gagna (t.d. hljóð- og myndbandsupptökur). Stefnumótunar er þörf á nýtingu á stafrænni tækni í kennslu og námi. Persónuverndarstefnu vantar í um 40% skóla og brýnt er að skólar setji sér slíka stefnu.

5. Aðgengi að tónlistarnámi

Auka þarf aðgengi að tónlistarnámi á Íslandi. Hér er átt við nemendur með fjölbreyttan menningarbakgrunn, nemendur með sértækar stuðningsþarfir, fatlaða og jaðarsettra hópa. Tónlistarskólar þurfa að marka stefnu gagnvart inngildingu og móttöku nemenda. Tryggja þarf að tónlistarkennarar og skólastjórnendur geti sótt sér endurmenntun sem snýr að þessum þáttum.

6. Aukið samráð við nemendur

Tækifæri eru til staðar til að efla samráð við nemendur í formi formlegrar endurgjafar og þar með virkja enn betur nemendamiðað tónlistarnám ásamt því að nemendur hafi tækifæri til að hafa áhrif á stefnur og nálgun skóla.

7. Fjarkennsla í tónfræðagreinum

Hagnýta mætti aukin tækifæri til fjarkennslu í tónfræðagreinum í meira mæli en nú er gert. Tækifæri eru til þess að skólar samnýti fjarkennslu í tónfræðagreinum.

8. Skipulag og framkvæmd starfsþróunar

Bæta má skipulag og framkvæmd starfsþróunar og endurmenntunar, huga þarf að fleiri tækifærum þar sem kennarar og stjórnendur deila eigin reynslu og þekkingu sín á milli.

Ábendingar og mögulegar umbætur

9. Lágmarksfjöldi nemenda

Nokkrir skólar ná ekki 30 nemenda lágmarkinu, sérstaklega í dreifbýli. Skoða þarf samstarf og/eða sameiningu þessara rekstrareininga eða breyta lögunum til samræmis.

10. Innleiðing umbóta

Fjölmörgum leiðum er beitt við innra umbótastarf sem er jákvætt en tryggja þarf að farvegur fyrir umbótastarf leiði til varanlegra breytinga.

11. Endurskoðun á námsefni í tónfræði er tímabær

Tengja þarf námsefni í tónfræði betur við hljóðfæranámið, nútímavæða þarf námsefni og gera það áhugaverðara fyrir nemendur.

12. Þróun tónlistarskóla sem deildir innan grunnskóla

Marka þarf stefnu um þróun tónlistarskóla sem deildir innan grunnskóla og hvaða áhrif það hefur á lög um starfsemi tónlistarskóla sem og aðalnámskrá.

13. Nýjar sveigjanlegri námsleiðir

Bæta má við námsleið í grunnnámi í tónlistarskólum sem ekki er bundin við aðgreiningu í klassískt og rytmískt nám.

14. Formleg skilgreining á hæfniviðmiðum

Eðlilegt er að slík skilgreining sé til staðar víðar en í kjarasamningum. Sem fyrirmynd að slíkri skilgreiningu má m.a. horfa til laga nr. 95/2019, um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

15. Aukið samstarf vegna barna með sérþarfir

Bæta má upplýsingagjöf og samstarf á milli grunnskóla og tónlistarskóla gagnvart upplýsingum og stuðningi við nemendur með sérþarfir.

16. Reglulegri heildarskoðun á aðalnámskrá

Koma þarf á ferli sem styður við endurskoðun aðalnámskrár á reglubundnum grundvelli og þannig má styðja við frekari umbætur og þróun á tónlistarskólakerfinu.

17. Einstaklingsmiðað nám tónlistarskólanna

Einn af styrkleikum tónlistarskólanna er að námið er byggt upp til að mæta einstaklingsbundnum þörfum. Gæta þarf að því að viðhalda þeim styrk í starfsemi skólanna.

HELSTU HEIMILDIR

Úttektin byggir að langmestu leyti á aðferðafræði við gagnaöflun sem lýst er í 2. kafla. Öðrum heimildum sem stuðst var við eru hér gerð skil.

Helstu heimildir

Hagstofa Íslands (2024). Sérvinnsla úr fjárhagsgögnum sveitarfélaga. *Tölfræði*.

Reykjavíkurborg. Innri endurskoðun og ráðgjöf (2023). [*Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar*](#). Skýrsla.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Sérvinnsla úr tölfræðigögnum (2024). *Tölfræði*.

Prófanefnd (2012). [*Prófanefnd: tölfræði*](#). Skýrsla.

Alþingi. [*Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985*](#). Lög.

Menningar- og viðskiptaráðuneyti (2023). [*Stefna í málefnum tónlistar 2023-2030*](#). Skýrsla.

Mennta- og barnamálaráðuneyti (2022). [*Menntastefna til ársins 2030*](#). Skýrsla.

Menntamálaráðuneyti (2000). [*Aðalnámskrá tónlistarskóla: Almennur hluti 2000*](#).

Menntamálaráðuneyti (2005). [*Aðalnámskrá tónlistarskóla: Tónfræðagreinar 2005*](#).

Mennta og menningarmálaráðuneytið (2010). [*Aðalnámskrá tónlistarskóla: Rytmissk tónlist 2010*](#).

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga (2022). [*Gæðastarf í grunnskólum \(3.útgáfa\)*](#).

Samband íslenskra sveitarfélaga (2024). Sérvinnsla og tölfræði. *Tölfræði*.

Fyrirvari

Skýrslan er unnin af ARCUR og er gagnaöflun byggð á viðtölum, könnunum, vettvangsathugunum og rýnihópum. Þá er unnið með ýmis töluleg gögn og rekstrarupplýsingar sem koma frá tónlistarskólum. Hvorki ARCUR né nokkur annar aðili ábyrgist nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni né að þær séu tæmandi.

Ef upplýsingar sem ARCUR voru látnar í té við skýrslugerðina reyndust rangar eða ófullnægjandi er ARCUR ekki skuldbundið til að leggja fram frekari upplýsingar, uppfæra skýrsluna eða leiðrétta ónákvæmni sem síðar kann að koma í ljós.

Allar ákvarðanir sem teknar kunna að verða á grundvelli upplýsinga sem settar eru fram í þessari skýrslu eru alfarið á ábyrgð þeirra sem þær taka.

Verkefnishópur ARCUR

- Arnar Pálsson
- Lilja Dögg Gunnarsdóttir
- Þórunn Vala Valdimarsdóttir
- Þröstur Sigurðsson

Ábyrgðaraðili verkefnisins fyrir hönd ARCUR er **Þröstur Sigurðsson** sem veitir nánari upplýsingar um skýrsluna.

Verkefnisstjórar í verkefninu voru **Lilja Dögg Gunnarsdóttir** og **Þórunn Vala Valdimarsdóttir**.